

Ár frá hamförum í Grindavík - Suðurnesjamagasín á sunnudaginn!

VÍKURFRÉTTIR

MIÐVIKUDAGUR 6. NÓVEMBER 2024 // 42. TBL. // 45. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



Það voru skrautlegar verur á ferli á Suðurnesjum á Hrekkjavökunni. Þær voru ekki allar hræðilegar. Tvær kýr ásamt kúreka urðu á vegi ljósmyndara, sem og tveir ungir menn sem höfðu verið handsamaðir af grænum geimverum. VF/pkct



Símanum í Höfnum lokað meðan Reykjanes sendi inn veður

Það er mögulega draugagangur við Reykjanesvita en þeir voru ekkert að trufla Grétu Súsönnu Fjeldsted, sem er fædd og uppalin í vitavarðarhúsinu við Reykjanesvita.

■ Sjá viðtal á síðum 8-9

Best fyrir fylgdarlaus börn að læra tungumálið og komast í virkni

■ Flest fylgdarlaus börn núna koma frá Úkraínu ■ Fyrstu átta mánuði ársins komið 41 fylgdarlaust barn

Fyrstu átta mánuði þessa árs kom 41 fylgdarlaust barn til Íslands en tveir starfsmenn á Suðurnesjum sinna málefnum og þjónusta börnin eftir komuna til landsins. Samningurinn við ríkið hljóðar upp á þjónustu við að hámarki 30 börn hverju sinni.

Að undanförunu hefur verið mest um komu barna frá Úkraínu en þar fyrir utan hefur verið mest um börn frá Palestínu og Afganistan. Börnin eru flest í kringum fimmtán ára aldur en þó hafa komið yngri börn en þá er þeim komið fyrir í fóstur. „Við erum þá í góðu sambandi við fósturforeldrana og fylgjumst með hvernig barninu gengur. Það er í raun það besta fyrir



barnið, það lærir tungumálið fyrr, kemst í virkni í nærsamfélaginu og sem betur fer hafa Íslendingar verið duglegir við að taka fylgdarlaus börn í fóstur,” segja þau Sandra Bjarnadóttir og Jóhann Birnir Guðmundsson, verkefnastjórar fylgdarlausra barna.

Börnin eiga það öll sameiginlegt að vera flýja slæmar aðstæður og vilja flest þeirra setjast að á Íslandi. „Það er misjafnt hvernig fjölskylduadstæður þeirra eru, sum þeirra hafa misst báða foreldra sína en það er allur gangur á því.“

■ Sjá viðtal á síðu 16



55 fyrirtæki framúrskarandi á Suðurnesjum

■ Sjá síður 12-14 í blaðinu í dag



Bíósagan á enda

■ Sjá síðu 4



400 sóttu ferðaradstefnu

■ Sjá umfjöllun á síðu 15



Falla heimsmet í Njarðvík?

■ Íþróttir á síðu 22

Næsta eldgos gæti orðið nálægt kosningadegi

Út frá nýju mati á kviku-söfnuninni má reikna með að líkur fari að aukast á nýju kvikuhlaupi og jafnvel eld-gosi í lok nóvember. Jarð-skjálftavirkni er enn mjög lítil í kringum Sundhnúks-gígaröðina og hættumat er óbreytt. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Veðurstofu Íslands.

Landris og kvikusöfnun í Svartsengi heldur áfram og hefur verið á stöðugum hraða síðustu vikur. Jarðskjálfta-virkni í kringum Sundhnúks-gígaröðina er áfram mjög lítil en síðustu vikur hafa ein-göngu mælst nokkrir smá-skjálftar á dag.

Veðurstofan hefur undan-farið lagt mat á hversu mikið magn af kviku þarf að bættast við undir Svartsengi til að koma af stað næsta atburði. Matið hefur verið uppfært frá því í síðustu viku, út frá nýjum líkanreikningum sem byggðir eru á GPS-mælingum og gervitunglagögnum. Út frá þessu nýja mati á kviku-söfnuninni má reikna með að líkur fari að aukast á nýju kvikuhlaupi og jafnvel eld-gosi í lok nóvember. Kosið verður til Alþingis laugardaginn 30. nóvember.



Frá undirritun samningsins í Reykjanesbæ í síðustu viku. VF/Páll Ketilsson

Tímamótasamningur undirritaður í Reykjanesbæ

Samningur sem kveður á um viðtækt samstarf á sviði endurhæfingar og samhæfingu þjónustunnar þvert á kerfi var undirritaður í Reykjanesbæ í síðustu viku. Að samningnum koma 46 aðilar á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu, sem skuldbinda sig til að eiga með sér samstarf og samvinnu um endurhæfingu einstaklinga sem á þurfa að halda.

Samningurinn tekur gildi 1. september 2025 og er mikilvægur liður í innleiðingu viðamikilla breytinga á örorkulífeyriskerfinu samkvæmt lögum sem öðlast gildi á sama tíma.

Markmið nýrra laga er að bæta þjónustu og tryggja að hún sé samþætt og heildstæð gagnvart notendum. Enn fremur er örorkulífeyriskerfið einfaldað, dregið er úr tekjutengingum, fjárhæðir



hækkaðar og bætt við greiðsluflokki sem tryggir enn fremur framfærslu sjúklinga. Nýju kerfi er ætlað að auka líkur á endurkomu fólks á vinnumarkað, fyrirbyggja ótímabæra örorku, styrkja hvata til atvinnuþátttöku og jafnframt að bæta þjónustu og stuðning við einstaklinga sem ekki eru á vinnumarkaði vegna heilsubrestra eða fötlunar. Hlutaðeigandi einstaklingar fá einstaklingsmiðaða þjónustu innan viðeigandi kerfis sem byggir á virkri þátttöku þeirra sjálfra og samvinnu samningsaðila í þjónustuferlinu.

Samningurinn og helstu markmið hans

Aðilar að samningnum eru Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun, VIRK Starfsendurhæfingarsjóður,

sveitarfélögin og veitendur heilsgæsluþjónustu og félagsþjónustu um allt land. Saman mynda þessir aðilar kerfisbundna heild um veitingu endurhæfingarþjónustu á landsvísi. Helstu markmið samningsins eru:

- Að ná fram heildstæðri nálgun við endurhæfingu einstaklinga og samfellu í allri þjónustu.
- Að undirbúningur að endurkomu á vinnumarkað hefjist eins fljótt og hægt er þegar heilsubrestra verður vart, með snemmtækri íhlutun.
- Að einstaklingum sé fylgt eftir milli þjónustukerfa þurfi þeir þjónustu fleiri en eins kerfis, ljóst sé hvernig ábyrgðin færast á milli þeirra og að hlutverk hvers þjónustuveitanda sé skýrt.
- Að miðlun upplýsinga verði stafræn og fari fram í gegnum

örugga þjónustugátt milli þeirra sem veita þjónustuna til aukins hagræðis fyrir notendur þjónustunnar.

„Á þessu kjörtímabili höfum við náð fram mikilvægum og löngu tímabærum breytingum á örorkulífeyriskerfinu. Í nýju kerfi er áhersla lögð á samfellu í þjónustu og samvinnu þjónustuaðila til að hindra að fólk falli á milli kerfa og um það snýst einmitt samningurinn sem við undirritum hér í dag. Þetta er því mikið fagnaðarefni og tímamót í íslensku velferðarþjónustu,“ segir Bjarni Benediktsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra.

Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra: „Það er margt í þessum samningi sem horfir til framfara. Fyrir einstaklingana skiptir samþætt þjónusta með skýrri ábyrgð þjónustuveitanda miklu máli. Sama máli gegnir um greiða miðlun upplýsinga milli kerfa. Í heilsgæslunni mun þetta draga úr þörf fyrir skrifinnsku og auka við tímann sem gefst til að sinna skjól-stæðingunum beint. Samhæfingarteymin sem stofnuð verða munu gegna lykilhlutverki og stuðla að sameiginlegri framtíðarsýn um stefnu samningsaðila sem miðar að því að bæta lífskjör og lífsgæði skjólstaðinganna.“

Allt hreint
Umhverfisvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS



16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

Pantið flutning á cargoflutningar.is

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Alþingiskosningar

Laugardaginn 30. nóvember 2024

Kjörskrá í Reykjanesbæ, vegna alþingiskosninga sem fram fara þann 30. nóvember 2024, liggur frammi á bæjarskrifstofum Reykjanesbæjar frá 8. nóvember og fram að kjördegi. Kjósendur eru hvattir til að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskrá í Reykjanesbæ. Einnig er bent á kosning.is - Hvar á ég að kjósa? Athugasemdum við kjörskrá skal beint til Þjóðskrár Íslands.

Kosið verður í Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Sérstök athygli er vakin á því að kjósendi sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki getur átt von á að fá ekki að greiða atkvæði.

Kjörstaður opnar kl. 09:00 og lokar kl. 22:00

Á kjördag mun yfirkjörstjórn hafa aðsetur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja í stofu 221, sími 420-4515.

Yfirkjörstjórn Reykjanesbæjar



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS

Enn betri kjör með appinu!



Ef þú notar appið þegar þú kaupir vörur á tilboði með rauðum stimpli færðu 10% aukaafslátt í formi inneignar.

Skoðaðu girnilegar uppskriftir á netto.is!

Tilboð gilda 7.–10. nóvember

KJÖTBORDID



36% afsláttur

Lúxus grísa-purusteik
1.881 kr/kg
2.939 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

KJÖTSEL



40% afsláttur

Sænsk skinka
1.595 kr/kg
2.659 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU



20% afsláttur

Epli, Red Delicious
359 kr/kg
449 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

KJÖTBORDID



35% afsláttur

Kalkúnabringa í salvú-smjöri
2.599 kr/kg
3.999 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

KJÖTBORDID



35% afsláttur

Nauta-ribeye, 250–300 g
4.744 kr/kg
7.299 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU

Heilsuvara vikunnar



25% afsláttur

Lífrænt tófú

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU



25% afsláttur

Klementínur
434 kr/kg
579 kr/kg

ENN BETRI KJÖR 10% INNEIGN MEÐ APPINU



Arnaldur er mættur!

5.599 kr.
5.487 kr. með appinu



Afsláttur í formi inneignar í appinu!



Tilboð gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Aftur hvarf til bíófortíðar

Farin voru 100 ár aftur í tímann í Keflavíkukirkju þegar sýnd var mynd Chaplins, *The Kid*. Kristján Hrannar organisti sá um að spila á orgel undir myndinni. Chaplin samdi sjálfur tónlistina.

Það er kannski táknrænt að á sama tíma og síðasta bíóhúsið í Reykjanesbæ lokaði dyrum sínum var sett upp kvikmyndatjald í kirkjunni og tónlistarflutningur í anda kvikmyndahúsanna í upphafi síðustu aldar þegar myndirnar voru þöglar og leikið undir þeim á hljóðfæri til að túlka stemmninguna í myndinni hverju sinni.

Áhorfendur í Keflavíkukirkju voru á öllum aldri og skemmtu sér konunglega undir kvikmyndasýningu og tónlistarflutningi.

VF/Hilmar Bragi



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

LÚÐVÍK GUÐBERG BJÖRNSON,
Aðalgötu 5, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 24. október. Útförin fer fram frá Keflavíkukirkju fimmtudaginn 7. nóvember klukkan 13.

Þórdís Garðarsdóttir

Elínborg H. Lúðvíksdóttir
Björn Rúnar Lúðvíksson Rósa Karlsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

LOFTUR EÐVARÐ PÁLSSON,
vélstjóri,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 8. október umvafinn ástvinum.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Starfsfólk bráðamóttöku HSS og Hrafnistu Nesvöllum eru færðar einlæggar þakkir fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

Viktoría Loftsdóttir Ómar Guðmundsson
Guðbjartur Páll Loftsson Lára Ottesen
Eðvarð Eyberg Loftsson Þórey Guðný Marinósdóttir
Sigrún Signý Loftsdóttir
Guðrún Loftsdóttir
Helga Sigurðardóttir
Viktor Rúnar Þórðarson Hrafnhildur Ósk Beck
barnabörn og barnabarnabörn



Okkar ástkæra

SVEINBJÖRG JÚLÍA SÍMONARDÓTTIR

lést 9. október síðastliðinn. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

Aðstandendur þakka auðsýnda samúð, hlýhug og stuðning.

Jóhann Long Jóhannsson og systkini hinnar látnu



Þær Salvör Björk Pétursdóttir, Eva Júlía Ólafsdóttir og Sonja Steina Guðmundsdóttir stóðu síðustu kvikmyndavaktina.

Kvikmyndahúsasögu Keflavíkur lokið

Sögu kvikmyndahúsa í Keflavík er væntanlega lokið. Lokasýningar í Sambíóinu í Keflavík fóru fram á þriðjudagskvöld í síðustu viku, 29. október. Myndir voru í tveimur söllum og hátt í fimmtíu manns mættu í Sambíóinu í Keflavík, sem flestir þekkja sem Nýja bíó, á lokasýningarnar.

Þær Salvör Björk Pétursdóttir, Eva Júlía Ólafsdóttir og Sonja Steina Guðmundsdóttir stóðu síðustu kvikmyndavaktina.

Í sal 1 var verið að sýna *Venom: The Last Dance*, sem er bönnuð innan tólf ára. Í sal 2 á neðri hæðinni var það *Smile 2*, bönnuð innan sextán ára.

Þær stóllur sögðu að eftir sýninguna væri það verkefnið að þrifa og ganga frá veitingasöllum. Þar var verið að poppa þegar ljósmyndari hafði viðkomu í bíóinu skömmu eftir að sýningar hófust.

Ein þeirra, Eva Júlía, fer til starfa hjá Sambíóunum í Álfabakka. Hinar tvær starfa á leikskólum í Reykjanesbæ og hafa haft bíóstarfið sem aukavinnu.

Í samtali við blaðamann sögðu þær tímamótin vera sorgleg. Talsvert hafi dregið úr bíósókn heimafólks eftir að streymisveitum fjölgaði. Fólk hafi þó komið í bíóið til að kaupa sér popp til að hafa með sjónvarpinu heima. Það eigi örugglega margir eftir að sakna þess að geta ekki fengið bíópopp eftir að kvikmyndahúsinu lokar. Það gæti því verið tækifæri fyrir

veitingaaðila á svæðinu að setja upp alvöru popppott til að þjóna

stórum hópi fólks sem sækir í nýpoppað popp.



Netverjar hafa grátið örlög kvikmyndahússins. Þeir virðast hins vegar hafa setið heima þegar lokasýningin fór fram í Sambíóinu við Hafnargötu í Keflavík.



Fólk saknar strax orðið þess að fá ekki alvöru bíópopp í Keflavík. Og það verður að bjarga ljósakrónunum í anddyrinu! VF/Hilmar Bragi

Brjálað að gera á Papas pizza í opinni Grindavík

„Við vorum búnir að bíða lengi eftir opnun bæjarins, það hefur verið mjög mikið að gera og vonandi er þetta það sem koma skal. Því miður misstum við frábært starfsfólk út úr bænum og auglýsum hér með eftir starfsfólki,“ segja eigendur Papas pizza í Grindavík, Gylfi Ísleifsson og Þormar Jón Ómarsson. Þeir hafa verið duglegir að berjast fyrir uppbyggingu Grindavíkur alveg frá því að hamfarirnar áttu sér stað í fyrra og hafa margoft opnað en neyðst til að loka aftur. Ekki var grundvöllur fyrir að halda úti starfsemi á meðan súr-efni barst ekki inn til bæjarins en um leið og bærinn opnaði mánu- daginn 22. október hefur starf- semin komist á fljúgandi siglingu og flugið hefur hækkað dag frá degi.

Það hefur heldur betur verið nóg að gera hjá félögunum síðan þeir gátu opnað því ekki nóg með að nóg sé af matargestum, heldur er búið að endurnýja stóran hluta starfsliðsins.

„Við misstum því miður frábært starfsfólk, fólk sem var búið að vera lengi með okkur og þekkir allt saman út og inn. Það hefur verið krefjandi að koma nýju starfsfólki inn í málin en þau eru öll mjög áhugasöm og þetta mun ganga upp. Það er oft gífurlegt álag á mestu álagstímum og þá er gott að allt gangi smurt fyrir sig og ég veit að við komumst aftur þangað. Kannski gott að nýta þetta tækifæri og auglýsa eftir duglegu og jákvæðu fólki til að vinna hjá okkur, starfsandinn hefur alltaf verið góður og það er alltaf góð

stemning hjá okkur, sérstaklega þegar það er mikið að gera.

Það var heldur betur kærkomið að geta opnað aftur og vonandi munum við ekki þurfa loka aftur nema bara rétt á meðan næsti atburður fer í gang. Við virðum alveg að þurfa rýma á meðan atburður er að hefjast og sem betur fer hefur Úlfar lögreglustjóri slakað mikið á í kjölfar atburða, síðast var okkur hleypt inn í bæinn tæpum sólarhring eftir að eldgosid fór af stað. Við viljum trúa því að það sé stutt eftir í þessu langhlaupi, Þorvaldur eldfjallafræðingur telur að það séu tvö til þrjú eldgos eftir á þessari Sundhnúkagígargöð og ef eldgosin koma upp á svipuðum slóðum og undanfarið, er einfaldlega engin hætta fyrir hendi í Grindavík. Ef þetta heldur svona áfram viljum við sjá ákvörðun tekna með að stefna á að skóla- og leikskólahald geti hafist á nýjan leik haustið 2025. Um leið og fólk fer að heyra annan hljóð en verið hefur, mun fólk flykkjast til Grindavíkur á ný, það erum við sannfærðir um,“ sögðu Papas-félagarnir.



vf.is



Er netið hægt ?

Net og TV þjónustan hefur áralanga reynslu af uppsetningum á net-, sjónvarps- og loftnetsbúnaði. Leggjum okkur fram í að veita góða og skjóta þjónustu. Erum með allt efni og þjónustum einstaklinga, fyrirtæki, húsfélög, sumarhús, húsbíla og fleira.

Netkerfi

Er netið hægt eða er léleg dreifing á netinu í húsinu? Við bjóðum stillingu á netkerfum og þráðlausum netbúnaði.

Sjónvarpskerfi - Loftneta- og gervihnattabúnaður

Er myndin slitrótt eða viltu dreifa sjónvarpsmerkinu um húsið? Við bjóðum uppsetningu og stillingar sjónvarpskerfa, Apple TV og Netflix uppsetning.

Almenn rafvirkjapjónusta

Við þjónustum heimili, skrifstofur sem og fyrirtæki.



Hafið samband! netogtv@netogtv.is

Ný herrafataverslun með stærðir XL-8XL

Sjáðu úrvalið eða pantaðu í netverslun www.stout.is

Stout

Holtagarðar 2.hæð // Reykjavík // S. 581-1552



ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



T Ú P R A L Ð Ó J R A G A N S
 R A M Ö S A H T A É I J M R Ö
 I G A I P É B L S K I M A N R
 M A S G R Æ K G A Ö T L G S U
 Y G Á E H E P L A F O L N J G
 E B P É H S K P A M A T I S G
 R I I I L G A S V B T Á R Ó U
 D S F N E D B A R G R G P Ö R
 A N F T M Í R J S Á T A T A H
 G K A S T A Ó E R J H M T Ú G
 N A K T N T É G T Ð F A S T S
 Ý P A F S J E A N T R Æ G Á I
 S P A N N Á R T F A S O Ú A T
 A R E Ö Æ R I N N E R Ý T G R
 H F T S U A L S D N A B M S A

ÖNGLABRJÓTSNEF
 ÓGNAR
 HÁRSKERI
 GRÁR
 ÁSTAND
 BRATTI
 HEKLAR
 RÁN
 TAPA
 ÖRUGGUR

KAFFIPÁSA
 STORÐ
 HAGAR
 KLAKI
 RENNIR
 LOFA
 DREYMIR
 MOLAR
 HRAFNA
 AGNIR

Gangi þér vel!



Sameiningarviðræðum Samkaupa, Heimkaupa og Orkunnar hætt

Undanfarna mánuði hafa Samkaup hf. og Skel fjárfestingarfélag hf. átt í samningarviðræðum um samruna Samkaupa og tiltekinn dótturfélagi SKEL. Aðilar hafa framkvæmt áreiðanleikakönnun á samrunafélögunum með aðstoð sérfræðiráðgjafar og í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. „Stjórn og starfsfólk Samkaupa hefur tekið þátt í þessum viðræðum af heilindum og lagt í þær mikla vinnu og fjármagn enda höfðum við fulla trú á að samruninn myndi skila ágóða fyrir félagið, hluthafa og viðskiptavinum,“ segir í tilkynningu frá Samkaupum.

Á síðustu vikum hafa hinsvegar komið fram upplýsingar og upp komið atvik sem hafa orðið til þess að upphaflegar forsendur samruna voru teknar til endurskoðunar. Niðurstaða þeirra skoðunar var að skynsamlegast væri fyrir fyrirtækið og hluthafa að viðræðum væri hætt og var það samþykkt á stjórnarfundum Samkaupa á miðvikudag í síðustu viku.

„Fyrir mér, stjórn Samkaupa og starfsfólki eru þetta vonbrigði eftir þá miklu vinnu sem átt hefur sér stað. Fyrir samrunaviðræður við Skel voru stjórnendur Samkaupa búin að teikna upp aðra vegferð til þriggja ára og nú verður sú áætlun virkjuð. Miðar sú vinna að fjölga tekjustoðum félagsins og gera það fjárhagslega sterkara og öflugan samkeppnisaðila á dagvöru- og

fleiri neytendamörkuðum,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, forstjóri Samkaupa, í tilkynningunni. Þar segir jafnframt:

„Samkaup reka matvöruverslanir um allt land og hefur byggt upp stærsta vildarkerfi á dagvöru- markaðnum síðustu árin með yfir 80.000 vildarvinum. Vildarvinir fá inneign af öllum sínum viðskiptum og aðgang að sér tilboðum í hverri viku. Með þessu bjóða Nettó verslanir lægsta verð á landinu á helstu heimilisvörum og verslanir okkar á landsbyggðinni bjóða vildarvinum sínum lágvöruverð á helstu nauðsynjavörum. Stefnan er að breikka vildarkerfi okkar enn frekar til hagsbóta fyrir neytendur um allt land.“

SUÐURNESJA VF magasín

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bíla viðgerðir Smurpjonusta Varahlutir

BÍLAR & PARTAR



Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur
heimilismatur
í hádeginu

Opið:
11-13:30
alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrn umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREIÐING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

Aflamet og sterk kvótastaða Huldu Björnsdóttur GK

AFLAFRÉTTIR

Gisli Reynisson
gisli@afreffretir.is



Já október var vægast sagt mjög góður aflamánuður og tveir bátar frá Suðurnesjum settu aflamet. Það voru Auður Vésteins SU og Óli á Stað GK. Báðir bátarnir fóru í 25 róðra en frá sitthvoru svæðinu, Auður Vésteins SU var á veiðum fyrir austan og Óli á Stað GK var á veiðum í Húnaflóanum.

Aflinn hjá Auði Vésteins SU var 257,5 tonn og mest 15,6 tonn í róðri. Óli á Stað GK var með 251,2 tonn og mest 13,9 tonn. Þessi afl hjá báðum þessum bátum er sá mesti sem að bátarnir hafa náð á einum mánuði frá því að þeir hófu veiðar.

Nýjasti togari landsins, Hulda Björnsdóttir GK, er búinn að fara í sinn fyrsta prufutúr og er togarinn núna í Hafnarfirði þar sem verið er að stilla af tæki og tól um borð í skipinu.

29 metra togaranum Sturlu GK verður lagt eða hann seldur og mun Hulda Björnsdóttir GK koma í staðinn.

Kvótastaðan hjá Sturlu GK er nokkuð góð en togarinn fékk úthlutað um 5000 tonnum miðað við þorskigildi. Nánar þá fékk Sturla GK 2800 tonn af þorski, 909 tonn af ýsu, 1275 tonn af ufsa, um 850 tonn af karfa og 200 tonn af keilu. En hvaðan kemur kvótinn sem er á Sturlu sem núna mun færast yfir á Huldu Björnsdóttir GK? Kvótinn sem er á Sturlu GK kom að mestu frá línubátum Sturlu GK sem var lagt árið 2020. Línubáturinn Sturla GK sem lagt var árið 2020



var þá kominn með kvóta frá öðrum línubáti sem að Þorbjörn hf. átti og gerði út og var það Tómas Þorvaldsson GK, bátur sem átti sér langa sögu í Grindavík en hann var lengi loðnubátur í Grindavík og hét þá Háberg GK. Lengra aftur í tímann eða árið 2006, átti fyrirtækið frystitogarann Hrafn GK og var hann seldur og kvótinn af honum fór yfir á línubátinn Tómas Þorvaldsson GK.

Síðan kemur bátur sem var keyptur og kvótinn af honum færður yfir á Tómas Þorvaldsson GK. Þessi bátur átti sér langa og mjög mikið fengsæla sögu í fiskveiðum, hann hét Stafnes KE og Oddur Sæmundsson, sá mikli aflakóngur, átti bátinn og var skipstjóri á honum. Stafnes KE réri að langmestu leyti á netum allt árið og báturinn setti Íslandsmet fyrir rúmum 30 árum síðan þegar skipið landaði hátt í 3500 tonnum af fiski á einu ári, mest af ufsa. Enginn netabátur á Íslandi hefur veitt jafn mikið magn af fiski á einu ári og Oddur Sæmundsson og áhöfn hans gerðu þarna fyrir um 30 árum síðan.

Lengra í ættfræðinni á kvótanum sem Hulda Björnsdóttir GK fær, því útgerðin keypti kvótann af bátnum Hafbergi GK sem átti sér langa sögu í Grindavík og færði yfir á Tómas Þorvaldsson GK. Sömu leiðis þá keypti útgerðin bátinn Gauk GK og tók allan kvótann af honum og færði líka yfir á Tómas Þorvaldsson GK. Gaukur GK átti sér eins og Hafberg GK, mjög langa sögu í útgerð frá Grindavík og var að mestu á netum eins og Stafnes KE.

Svo voru þrír bátar keyptir eða réttara sagt þá sameinaðist Þorbjörn hf. Valdimar hf. í Vogum og með í því voru þrír bátar. Togarinn Þuríður Halldórsdóttir GK, báturinn Valdimar GK sem Þorbjörn hf. gerði út alveg fram á þetta ár, og síðan Ágúst Guðmundsson GK en eins og með hina þá fór allur kvótinn af bátunum yfir á Tómas.

Svo já, þetta ættartré af kvótanum sem Hulda Björnsdóttir GK verður með kemur frá mjög merki- legum bátum og stendur Stafnes KE þar á toppnum.

■ Knattspyrnufélögin Víðir og Reynir með sameiginlega sýn á uppbyggingu knattspyrnumannvirkja

Aðalvöllurinn verði í Sandgerði og gervigrasið í Garði

Bæjarráð Suðurnesjabæjar samþykkti samhljóða í síðustu viku að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi tillögur Knattspyrnufélagsins Reynis og Knattspyrnufélagsins Víðis um uppbyggingu knattspyrnumannvirkja í Suðurnesjabæ:

Knattspyrnuvöllur í Sandgerði (núverandi Bronsvöllur) verði skilgreindur sem aðalvöllur hjá nýju félagi í Suðurnesjabæ þannig að

hann standist kröfur sem keppnisvöllur í efstu stigum íslenskrar knattspyrnu. Gerð verði tímasett áætlun um nauðsynlegar fram-



Að ofan: Ljagrænn knattspyrnuvöllurinn í Sandgerði síðasta sumar.

Sýn félaganna er að þar verði aðalvöllur hjá nýju íþróttafélagi í Suðurnesjabæ.

Til vinstri: Séð yfir íþróttasvæðið og gamla malarvöllinn í Garði þar sem gerðigrasið verði.

kvæmdir vegna þessa þannig að völlurinn geti þjónað hlutverki sínu sem heimavöllur nýs íþróttafélags keppnistímabilið 2026.

Nýr upphitaður gervigrasvöllur með flóðlýsingu verði staðsettur á gamla malarvöllinum í Garði og verði skilgreindur sem vetraraðstaða til æfinga og keppni í knattspyrnu. Lögð er áhersla á að framkvæmdir við gervigrasvöll vinnist eins hratt og hægt er, þannig að hann verði tilbúinn til notkunar fyrir veturinn 2025/2026.

Knattspyrnuvöllur í Garði (núverandi Nesfiskvöllur) verði áfram notaður til æfinga og keppni þegar þarf, en þar verði ekki farið í framkvæmdir til að viðhalda eða byggja upp áhorfendamannvirki. Hætt verði að nota æfingasvæði á túni norðvestan við völlinn.

Klefar og aðstaða í húsum félaganna, Reynisheimilinu og Víðisheimilinu, verði notaðar fyrir knattspyrnuvöllina.

Tryggja þarf góðar og reglulegar samgöngur á milli byggðakjarnanna til að börn og ungmenni eigi greiðan aðgang að æfingum og leikjum sem eru ekki í göngufæri við heimili þeirra.

Unnið verði að áframhaldandi uppbyggingu íþróttamannvirkja í Suðurnesjabæ í samvinnu sveitarfélags og hins nýja íþróttafélags á komandi árum.

Bæjarráð Suðurnesjabæjar gerir í afgreiðslu sinni fyrirvara um framkvæmdatíma á uppbyggingu gervigrasvallar en engar aðrar athugasemdir við hugmyndir félaganna.






STÓRA SERÍU HELGIN

Fimmtudag til sunnudags
Allar seríur, skrautseríur,
gluggaljós, aðventuljós o.fl.

25%

afsláttur

Gildir einnig á husa.is



Jólablaðið er komið út



FROST

Samtengjanlegar LED seríur. Tengdu saman margar seríur, allt að 2.000 ljós á eina kló.

Frost LED seríurnar fást eingöngu í Húsasmiðjunni og Blómavali. Útiseriurnar þola íslenskt veðurfar mjög vel og hafa reynt einstaklega vel hérlendis. Húsasmiðjan og Blómaval leggja áherslu á að bjóða góðar seríur á lægra verði og breitt vöruúrval sem hentar íslenskum aðstæðum.





Gréta Súsanna framán við vitavörðarhúsið með nýju gestastofuna fremst.



Sigurjón faðir Grétu var vitavörður á Reykjanesi í 29 ár. Á úrklippunni er auglýsing Ríkiskaupa þegar vitavörðarhúsið var auglýst til sölu.

Símanum í Höfnum lokað meðan Reykjanes sendi inn veður

Það er mögulega draugagangur við Reykjanesvita en þeir voru ekkert að trufla Grétu Súsönnu Fjeldsted, sem er fædd og uppalin í vitavörðarhúsinu við Reykjanesvita. Hún fann aldrei fyrir því að hún væri myrkvælin sem barn á Reykjanesi en Gréta er ein fjórtán systkina sem ólust upp í vitavörðarhúsinu þegar Sigurjón Ólafsson var þar vitavörður í um þrjú áratugi frá 1947. Í dag hefur Gréta byggt upp gestastofu í samstarfi við Bláa lónið í vitavörðarhúsinu. Gestastofan var opnuð formlega á dögnum í tilefni af Safnahelgi á Suðurnesjum. Í Gestastofunni og í vélahúsi þar við hliðina eru einmitt sýningar sem tengjast m.a. vitum á Reykjanesi og sjóslysum á síðustu öld.

Það hafa aldeilis orðið breytingar hérna á þínum æskulóðum. Þú ert fædd hérna og uppalin og ert í samstarfi í dag um þessa uppbyggingu og gestastofuna við Reykjanesvita. Hvernig finnst þér þessar breytingar hafa tekist?

„Bara mjög vel og ég er mjög ánægð með þær. Árni Sigfússon hefur verið mjög hlöðgur og hann hefur hjálpað mér og stutt í þessu verkefni. Hann hefur verið minn milliliður í samstarfinu við Bláa lónið.“

Þú kemur sem húseigandi í þetta samstarf við Bláa lónið og það hefur verið nauðsynlegt mjög lengi að byggja upp aðstöðu hér á Reykjanesi því hingað liggur mikill ferðamannastraumur.

„Já og þetta er flottasti staðurinn til að vera með eitthvað, því að hér er græn.“

Gréta er fædd og uppalin í vitavörðarhúsinu við Reykjanesvita.



Hún er dóttir Sigurjóns Ólafssonar, sem varð vitavörður Reykjanesvita frá árinu 1947 til 1976, í samtals 29 ár. Þegar hún var að alast upp voru bara hestar og því var ekki farið mikið í ferðalög.


„Við vorum mikið inni í leikjum eða útívið í útilegumannaleikjum eða niðri á lóni að sigla á tunnum sem við höfðum bundið saman,“ segir Gréta en systkinahópurinn var stór, fjórtán talsins.

Lónið sem Gréta nefnir var m.a. notað til sundkennslu á árum áður en þá var þar heit uppspretta jarðhita. Eftir að boranir hófust eftir jarðhita á svæðinu segir Gréta að aðstæður hafi breyst og heitt vatn hætt að streyma upp í lónið.

Mikið spilað á hjóðfæri við Reykjanesvita

Áttu góðar minningar héðan? „Já, það var og er æðislegt að vera hér. Við áttum góða foreldra, vorum mörg og spiluðum á hljóðfæri. Hér var oft stuð þegar við vorum að spila saman og við gerum það enn, að hittast og spila saman.“

Eins og fyrr segir var systkinahópurinn stór, þau voru fjórtán og bjuggu öll á Reykjanesvita og það var oft mikið fjór. Húsið var líka þökkalega stórt og á tveimur hæðum, þannig að það var pláss fyrir alla. Leiksvæðið var umhverfis Bæjarfellið, þar sem vitinn stendur. Þar var oft en ekki farið í útilegumannaleik í myrkrinu og þau hræddu hvort annað eða höfðu gaman. Aðspurð hvort þau



Hluti systkinahópsins á Reykjanesi. Systkinin eru fjórtán og Gréta er sú fimmta elsta af þeim.

hafi farið mikið að Gunnhver sem krakkar, þá segir Gréta, að þau hafi varað sig á því svæði. Eldri börnin hafi gætt þeirra yngri, þannig að ekki yrði slys.

Aðspurð segist Gréta aldrei hafa verið myrkvælin í umhverfi Reykjanesvita þrátt fyrir langa dimma vetur og að sjá mætti ýmiskonar kynjaverur úr hraunmyndunum allt í kringum vitann.

Enginn draugagangur?

„Það getur allveg verið en það truflaði mig ekki.“

Skólaganga barnanna á Reykjanesi var þannig að fyrst voru þau með heimiliskennslu á Reykjanesi. Svo fór hluti hópsins, þau þrjú elstu, í skóla í Grindavík og síðar meir fóru þau í skóla í Höfnum.

Túkall upp í vitann

Gréta og systkini hennar hjálpuðu mikið til við heimilishaldið á Reykjanesvita og leystu jafnvel foreldra sína af við vitavörsluna og veðurathuganir.

Þá fylgdu börnin einnig ferðafólki sem vildi fara upp í Reykjanesvita og það kostaði túkall að fara upp í vitann. Í dag er ekki í boði að fara upp í vitann, þar sem nú eru í honum viðkvæmur tækjábúnaður sem ekki má snerta.

Um veðurathuganir á Reykjanesvita sagði Gréta:


„Hér var alltaf tekið veður á þrígga tíma fresti og ég lærði það svo foreldrar mínir gætu farið í ferðalög. Við hringdum inn veðurupplýsingar til Veðurstofunnar. Þegar veðrið var sent frá



Sjóslysa- og vitasaga sögð á Reykjanesi

Sýningin Leiðarljós að lífhöfn hefur gengið í endurnýjun lífdaga og er í dag mun umfangsmeiri en þegar hún opnaði fyrst fyrir um þremur árum síðan í vélahúsinu við Reykjanesvíta. Leiðarljós í lífhöfn er lýsandi fyrir það sem menn voru að leitast eftir þegar vitarnir voru byggðir allt í kringum landið.

Mynd sem er á sýningunni um vitana á Reykjanesi og er í glugga á gestastofunni. Mannlíf við Reykjanesvíta um 1940. Mynd frá Þjóðminjasafni. Ljósmyndari Björn Magnús Arnórsson.



Reykjanesi var lokað fyrir símtil í Höfnum. Þar mátti enginn hringja á meðan veðurupplýsingar voru sendar frá Reykjanesvíta á þriggja tíma fresti. Þegar Reykjanes var með veður þá var þetta allt sagt í tölum en ekki orðum. Veðurskeytið byrjaði á 0-4-0-1-4 og svo var allt í tölum. Þannig var veðrið sent.

Vantaði aðstöðu fyrir ferðamenn

Gréta hefur í nokkur ár unnið að því að koma upp aðstöðu fyrir ferðafólk og gerði athugasemdir við það á sínum tíma þegar aðilar ætluðu að byggja móttökuhús í næsta nágrenni við Reykjanesvíta, þar sem hún hafði hugmyndir um gestastofu. Svo fór að ekkert varð af móttökuhúsinu en Gréta er hins vegar í samstarfi við Bláa lónið um gestastofuna við Reykjanesvíta. Þar hefur nú verið framkvæmt fyrir yfir eitthundrað milljónir króna í bættari aðstöðu fyrir ferðafólk, nýrri gestastofu og endurnýjun á íbúðarhúsinu.

„Fólk er mjög ánægt með þetta og finnst aðstaðan öll snyrtileg og fín. Reykjanes er líka vinsæll



Gréta Súsanna á yngri árum.

áfangastaður ferðafólks og hér er margt að skoða. Fólk er mikið að sækja Gunnhver heim og brú milli heimsálfa. Svo kemur það hérna og fer út að Valahnúk til að upplifa kraftinn í náttúrunni og sjá brimið.“

Gréta bendir á að á svæðinu séu margar áhugaverðar gönguleiðir og mislangar.



Í gestastofunni við Reykjanesvíta.



Á sýningunni er vitasaga Íslands og einnig sjóslysasaga með sérstaka áherslu á Reykjanesskagann.

„Enda held ég að flest sjóslys og alvarlegustu hafi orðið hér við Reykjanesið. Hér eru fjölfarnar siglingaleiðir og mikil útgerð alla tíð. Menn komu hingað siglandi frá Evrópu til Reykjavíkur og þessara stóru kaupstaða og hér urðu mörg alvarleg sjóslys,“ segir Eiríkur P. Jörundsson, sem tók saman sýninguna á Reykjanesi og er sýningarstjóri.

Sýninguna vann Eiríkur fyrir Hollvínasamtök Reykjanesvíta sem leigja vélahúsið og hafa staðið fyrir uppsetningu sýningarinnar. Fyrsta útgáfa sýningarinnar var sett upp fyrir þremur árum en eftir að Bláa lónið kom að uppbyggingu gestastofunnar í vitavardarhúsinu fengu hollvínasamtökin tækifæri á að stækka sýninguna enn frekar. Hluti sýningarinnar, sem fjallar um Reykjanesvíta, hefur verið færður yfir á gestastofuna sem þá hefur skapað meira rými í véla-

húsinu fyrir sjóslysasýninguna. Þá er komið talsvert magn muna frá Vegagerðinni sem tilheyrðu Siglingastofnun og sögu vitanna og þeir hafa verið settir upp á sýningunni. „Það er mun meira að sjá en í fyrstu mynd sýningarinnar.

Vélahúsið var einnig kallað radióvitinn og var byggt 1938 og er elsta húsið fyrir utan vitann sjálfan. Í húsinu er m.a. rafstöð fyrir Reykjanesvíta ef hann verður rafmagnslaus.

Á sýningunni má m.a. sjá fjölmargar forsíður dagblaða í gegnum tíðina þar sem greint er frá alvarlegum sjóslysum. Einnig eru á sýningunni nöfn allra sjómanna sem fórust við Íslandsstrendur á tuttugustu öldinni, um 3.400 nöfn.

Sýningin var opin á Safnahelgi á Suðurnesjum og mun svo opna aftur fyrir almenning með vorinu 2025 í síðasta lagi að sögn Eiríks.



Mynd frá sýningunni í vélahúsinu við Reykjanesvíta. Áhöfn Trocadero bjargað 1936. Myndin er frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur, tekin 6. september 1936 af Einarri Einarssyni.

Árshátíð Félags eldri borgara á Suðurnesjum

Haldin 23. nóvember næstkomandi að Nesvöllum.

Húsið opnar kl. 18.30. Borðhald hefst kl. 19.00

Setning: Kristján Gunnar formaður FEBS.

Veislustjóri: Sr. Sigurður Grétar Sigurðsson.

Hljómsveit: Hinir stórkostlegu og sívinsælu Bubbi og Vignir sjá um dinner og dansmúsík.

Örvar Kristjánsson, Njarðvíkingur og gleðigjafi skemmtir.

Aðgöngumiði: Verð kr. 8.500 á mann.

Gildir sem happadrættismiði og er innifalinn í miðaverði.

Matur: Glæsilegur þriggja rétta kvöldverður frá Magnúsi Þórisssyni matreiðslumeistara á Réttinum.

Miðar seldir á Nesvöllum 13. og 14. nóvember frá kl. 12.00 til 16.00

Greiðsla: Peningar og posi á staðnum.

Björg Ólafsdóttir: 865-9897

Kristinn Þormar 897-8835

Baldvin Elís: 662-3333



Þróunaráætlun fyrir atvinnusvæði í anda hringrásar í Helguvík og Bergvík býður upp á mikla möguleika

Skissunum er ætlað að hjálpa okkur við að sjá fyrir okkur möguleika svæðisins, hvað við viljum sjá og hvað ekki. Á þessari „loftmynd“ sjáum við m.a. fyrir okkur hvernig svæðið í kringum gömlu kerskálana sem nú hýsa Græna iðngarðinn (IEBP) getur þróast og styrkst í samvinnu ólíkra fyrirtækja.

Spennandi tækifæri og verðmæt störf í fjölbreyttri framtíðarsýn

„Unnar hafa verið ítarlegar greiningar og leitað að starfsemi sem hentar okkar svæði og landinu í heild. Horft er meðal annars til þess að menga ekki og að til verði gæðastörf,“ segir Pámi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco um þróunaráætlunina fyrir Helguvík og Bergvík

Þróunaráætlun fyrir atvinnusvæði í anda hringrásar er nú að raungerast í Helguvík og Bergvík eftir mikla vinnu þar sem landeigendur og sveitarfélög leggjast á eitt við að hanna framtíð svæðisins. Áhersla er lögð á að á svæðinu verði til verðmæt störf, að uppbyggingin styðji við nærsamfélögin og styrki enn frekar atvinnulíf á svæðinu.

Eitt áherslusvæða K64 þróunaráætlunarinnar er Helguvík og Bergvík. Svæðið er skilgreint sem atvinnu- og iðnaðarsvæði og sveitarfélögin sameinast nú um að hámarka tækifæri svæðisins

með sjálfbærni og hringrás að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að svæðið byggist upp með vistvænum áherslum og að nálægðin við Helguvíkurhöfn og Keflavíkurflugvöll verði nýtt til fulls.

Tækifæri fyrir ólíka aðila undir hatti K64

Líkt og í aðraganda K64 hefur höfuðáherslan verið á samstarf og samráð og var til að mynda stofn-

aður bakhjarlahópur verkefnisins með fulltrúum frá Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, Reykjaneshöfnum og Kadeco fyrir hönd íslenska ríkisins sem er landeigandi í Bergvík. Þá hafa bæjarráð og skipulagsnefndir fjallað um vinnuna og haldnar hafa verið vinnustofur með embættismönnum sveitarfélaga, kjörnum fulltrúum og fleiri hagaðilum.

Stórir draumar og stór tækifæri

Svæðið sem í daglegu tali er kallað Helguvík og Bergvík nær til athafna- og iðnaðarsvæða í Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ. Kadeco leiðir verkefnið með bakhjarlahópnum og fékk til liðs við sig hönnunarteymi frá KCAP og verkfræðistofunni Eflu. Útkoma vinnunnar er þróunaráætlun fyrir svæðið sem styður við sjálfbærni þar sem horft er bæði til innlendra

Gatnakerfið á eftir að taka á sig mynd en m.a. er gert ráð fyrir að þarna verði góðar samgöngur og gott að starfa. Einnig er horft til þess að hönnun bygginga verði í sátt við nærumhverfið.



”

Þá er óneitanlega mikill styrkur í græna iðngarðinum sem nú rís innan þeirra mannvirkja sem ætluð voru álveri. Við sjáum fyrir okkur að svæðið í kringum Græna iðngarðinn (IEBP) verði hjarta svæðisins og að þar verði gott að vinna..

Ekki er um raunverulegar myndir að ræða og ljóst að íbúar kannast ekki við allt sem þarna er sýnt. En myndunum er ætlað að hjálpa skipulagsvöldum að taka góðar ákvarðanir fyrir uppbyggingu svæðisins.



og erlendra sóknarfæra. Einnig er að finna greiningar á umhverfisþáttum og landnotkun sem snýr m.a. að hljóð- og sjónmengun og landmótun. Eitt af meginmarkmiðunum er að svæðið sé aðlaðandi vinnustaður þar sem starfsemi nýti sér nálægð við höfn og flugvöll. Svæðið býður upp á einstaka möguleika til að skipuleggja hringrásargarð fyrirtækja og hefur því verið skipt upp í þemasvæði þar sem markmiðið er að fullnýta tækifærin eins og hægt er og nýta landsvæðið sem best. Þróunaráætlunin er grunnur að áframhaldandi skipulagsvinnu fyrir svæðið og ákvörðunartöku um notkun þess.

„Myndirnar sem fylgja með eru í raun skissur og til þess gerðar að sjá hvernig svæðið getur mögulega litið út ef öllum hugmyndum verður framfylgt. Þróunaráætlunin er ætlað að sýna okkur tækifæri svæðisins og tekur tillit til sjálfbærni, landslagsmótunar, landnýtingar og hagrænna þátta svo eitthvað sé nefnt. Þá voru unnar ítarlegar greiningar og leitað



að starfsemi sem hentar okkar svæði og landinu í heild. Horft er meðal annars til þess að menga ekki og að til verði gæðastörf,” segir Pámi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco sem stendur að baki þróunaráætluninni.

„Helgúvíkur og Bergvíkursvæðið er ótrúlega vel staðsett þegar kemur að uppbyggingu á iðnaði og atvinnustarfsemi og með þessu verkefni vona ég að okkur takist að kveða niður þá drauga sem margir tengja við Helgúvíkursvæðið. Tækifærin til arðbærrar, en grænnar uppbyggingar á svæðinu eru ótal mörg. Við höfum öll sem komum að þessu verkefni mikla trú á framtíðarmöguleikum Suðurnesja og trúum því að með skýrri framtíðarsýn getum við byggt upp eitthvað sem skilar sér margfalt til baka,” segir Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, starfandi bæjarstjóri í Reykjanesbæ.



Atvinnuuppbygging jákvæð fyrir hagsæld á svæðinu

Þegar talað er um Helgúvíkur og Bergvíkursvæðið er átt við svæði sem er staðsett rétt norðan við byggðina í Reykjanesbæ og er innan sveitarfélagsmarka Suðurnesjabæjar og Reykjanesbæjar. Svæðið er bakgarður tveggja hafna, Keflavíkurflugvallar og Helgúvíkurhafnar, einnar dýpstu hafnar landsins og hýsir í dag eldsneytistanka fyrir flugvélaeldsneyti auk margvíslegrar iðnaðarstarfsemi, en uppbygging og þróun svæðisins er skammt á veg komin.

„Með þessu verkefni erum við að samnýta krafta þeirra aðila sem standa að verkefnum, þ.e. Kadeco, Suðurnesjabæjar og Reykjanesbæjar. Við erum ánægð með þessa framtíðarsýn sem við erum búin að vinna að allt síðasta ár og höfum mikla trú á að í henni felist mörg spennandi tækifæri fyrir svæðið. Með uppbyggingunni er verið að horfa til fjölbreyttra starfa og það er mikill styrkur í því að við byggjum þetta svæði upp í samstarfi. Þá er óneitanlega mikill styrkur í græna iðngarðinum sem nú rís innan þeirra mannvirkja sem ætluð voru álveri. Við sjáum

fyrir okkur að svæðið í kringum Græna iðngarðinn (IEBP) verði hjarta svæðisins og að þar verði gott að vinna“ segir Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar.



Mikilvægt að ávarpa drauga fyrri tíma

Skipulagsramminn byggir á núverandi gatnaneti og lóðaskipulagi, en það býður upp á sveigjanleika og aðlögunarhæfni. Á þeim grunni eru skilgreind minni svæði sem geta hýst bæði léttan og þyngri iðnað, hugsanlega tengt orkuskiptum í samgöngum.

Að sögn Pálma hefur frá fyrstu stundu verið lögð mikil áhersla á samstarf og samráð í tengslum við þróunaráætlun K64. Það sama er uppi á teningnum þegar kemur að allri framtíðaruppbyggingu í Helgúvík og Bergvík enda eru tækifærin til uppbyggingar fjölmörg. Verkefnið í Helgúvík og Bergvík er næsta skref í þeirri vegferð að breyta þróunaráætluninni í raunverulega uppbyggingu, íbúum Suð-

urnesja til heilla. Á næstu dögum og mánuðum heldur samtal um svæðið afram og samtal við íbúa, hagsmunaaðila og alla þá sem hafa áhuga á að kynna sér áformin enn frekar. Við munum bjóða upp á opinn fund í byrjun desember og verður hann auglýstur innan tíðar. Þá liggja einnig fyrir að hefja vinnu við deiliskipulagsgerð í Bergvík til þess að geta útbúið lóðir og byggt upp gatnakerfi fyrir núverandi fyrirtæki og til framtíðar“ segir Pálmi að lokum.

”

...Eitt af meginmarkmiðunum er að svæðið sé aðlaðandi vinnustaður þar sem starfsemi nýti sér nálægð við höfn og flugvöll. Svæðið býður upp á einstaka möguleika til að skipuleggja hringrásargarð fyrirtækja...



SUÐURNESJAFYRIR Í FREMSTU RÖÐ!

VIÐ ERUM STOLT AF ÞVÍ AÐ VERA Í HÓPI
FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKJA Á SUÐURNESJUM
2024 SAMKVÆMT ÚTNEFNINGU CREDITINFO



TÆKI



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024



Útgerðarfélag
Sandgerðis ehf.



HS ORKA

Húsanes Verktakar ehf.
Mannvirkjagerð er okkar fag



TSA ehf.



Hollt, gott og heimilislegt



TSA
Tæknipjónusta SÁ ehf.



BÍLRÚÐU-
ÞJÓNUSTAN EHF
25 ára

55 fyrirtæki framúrskarandi á Suðurnesjum

Fimmtíu og fimm fyrirtæki á Suðurnesjum eða 5% af heildarfjöldanum eru á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki. Fyrirtækin koma úr öllum helstu greinum atvinnulífsins, sjávarútvegi, framleiðslu og verslun, verktakar úr iðnaðargeiranum og hugbúnaðargeiranum. Framúrskarandi fyrirtækjum á Suðurnesjum fjölgaði um tíu frá því á síðasta ári eða rúmlega 20%.

Aðeins eitt fyrirtæki á Suðurnesjum hefur verið á listanum á hverju ári síðan hann kom fyrst út árið 2010 en það er Verkfræðistofa Suðurnesja sem er á honum í fimmtánda sinn. Suðurnesin eru í 3. sæti yfir landshluta utan höfuðborgarsvæðisins hvað varðar fjölda fyrirtækja sem eru framúrskarandi.

Nánar um Framúrskarandi fyrirtæki:

Þetta er í fimmtánda sinn sem Creditinfo veitir framúrskarandi fyrirtækjum í íslensku atvinnulífi vottun fyrir góðan og traustan rekstur en listinn í ár var gerður opinber á viðburði í Hörpu í síðustu viku. Alls hafa rúmlega tvö þúsund fyrirtæki einhvern tímann

komist á listann. Þegar Creditinfo metur hvort fyrirtæki teljist framúrskarandi er m.a. horft til þess hvort ársreikningi hafi verið skilað á réttum tíma, og þegar litið sé til síðustu þriggja ára sé rekstrarhagnaður, ársniðurstaðan jákvæð, rekstrartekjur að lágmarki 50 millj. kr. og eiginfjárhlutfall a.m.k. 20%. Um 39 þúsund fyrirtæki skila ársreikningi en þegar litið er til allra annarra skilyrða sem fyrirtæki þurfa að uppfylla, þá teljast aðeins um 2% fyrirtækja framúrskarandi.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá afhendingunni í síðustu viku.



Systurnar Guðlaug og Jóna Sigurðardóttir frá SI rafhlögnum.



Sigurður Guðmundsson og Haukur Hauksson frá Bílrúðupjónustunni.



Alda A. Gylfadóttir frá Einhamar Seafood í Grindavík.



Feðgarnir Brynjar og Óskar í Íslandshúsum með eigin konum.



Geirný og Hjalti reka myndarlegt fyrirtæki í Reykjanesbæ.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna Alþingiskosninga 30. nóvember 2024

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna Alþingiskosninga hefst á skrifstofu sýslumannsins á Suðurnesjum að Vatnsnesvegi 33, Reykjanesbæ þann 7. nóvember nk.

Unnt verður að greiða atkvæði alla virka daga frá klukkan 08:30 til 19:00 og á laugardögum frá klukkan 10:00 til 14:00.

Á kjördag, 30. nóvember, verður opið fyrir kosningu hjá sýslumanni frá klukkan 10:00 til 14:00, en þann dag verða kjósendur sjálfir að koma atkvæði sínu til skila.

Einnig má kjósa utan kjörfundar á sveitarstjórnarskrifstofunni í Garði, frá og með 11. nóvember, á afgreiðslutíma skrifstofunnar, sjá nánar á heimasíðu Suðurnesjabæjar.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar á sjúkrahúsum og hjúkrunar- og dvalarheimilum aldraðra í umdæminu fer fram dagana 25. til 27. nóvember nk. skv. neðangreindu:

- **Nesvellir, þann 25. nóvember 2024, frá klukkan 13:00 til 15:00**
að Njarðarvöllum 2, 260 Reykjanesbæ.
- **Hlévangur, þann 26. nóvember 2024, frá klukkan 13:00 til 15:00**
að Faxabraut 13, 230 Reykjanesbæ.
- **Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þann 27. nóvember 2024, frá kl. 13:00 til 15:00**
að Skólavegi 6, 230 Reykjanesbæ.

Hafi sjúklingi á HSS verið ómögulegt að greiða atkvæði á ofangreindum tíma, gefst honum kostur á að greiða atkvæði á stofnuninni á kjördag, 30. nóvember, frá klukkan 14:00 til 14:30.

Kjósandi, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördeggi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, getur óskað þess að greiða atkvæði í heimahúsi. Umsókn studd vottorði þarf að hafa borist sýslumanni eigi síðar en kl. 10:00 þann 28. nóvember 2024.

Kjósendur skulu framvísa gildum persónuskilríkjum (ökuskírteini, vegabréfi eða nafnskírteini).

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum
5. nóvember 2024
Ásdís Ármannsdóttir



400 ÞÁTTAKENDUR SÓTTU RÁÐSTEFNU Á REYKJANESI

Í byrjun október stóð Reykjanes jarðvangur (Reykjanes UNESCO Global Geopark) að alþjóðlegri ráðstefnu evrópskra jarðvanga í Hljómahöll í Reykjanesbæ. Ráðstefnan sjálf stóð yfir í tvo daga með erindum og vinnustofum, auk dagsferða um Reykjanesið á þriðja degi. Rétt um 400 þátttakendur frá 30 löndum og yfir 190 jarðvöngum og stofnunum, sóttu ráðstefnuna, þar sem boðið var upp á um 230 erindi og vinnustofur.

Yfirskrift ráðstefnunnar var „Thriving Amidst Nature's Tests“ sem gæti útlagst sem seigla svæða við að bregðast við áskorunum náttúrunnar, með vísun í þær áskoranir sem samfélagið í Reykjanes jarðvangi hefur farið í gegnum á síðustu þremur árum, sérstaklega varðandi jarðhræringar og tíð eldgos. Við eigum það sameiginlegt með mörgum öðrum jarðvöngum að þurfa að bregðast við náttúruhamförum og reyna að vinna að uppbyggingu samfélaga, styrkja innviði og búa til tækifæri til framtíðarþróunar svæðanna, í takti við þær áskoranir sem náttúran færir okkur.

Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, opnaði ráðstefnuna ásamt því sem hún tilkynnti gestum um fjárhagslegan stuðning ríkisins til jarðvanganna tveggja á Íslandi, Kötlu og Reykjanes, upp á tíu milljónir króna árlega næstu tvö árin.

Að loknu erindi ráðherra, ávörpuðu formaður evrópska netverksins og fulltrúi UNESCO gesti. Í framhaldinu bauð stjórnarformaður Reykjanes jarðvangs, Fannar Jónasson bæjarstjóri í Grindavík, gesti velkomna á svæðið um leið og hann gaf þeim innsýn í þær áskoranir sem samfélagið hefur þurft að takast á við á síðustu þremur árum. Þá var sýnt myndband sem Almannaþingur settu saman fyrir Grindavíkurbæ um aðstæðurnar í bænum við rýmingu íbúa í aðdraganda eldgosanna við Sýlingarfell. Matthew Roberts, forstöðumaður rannsóknar- og þjónustusviðs Væðurstofunnar, hélt jafnframt kynningu á opnuninni þar sem hann fór yfir jarðhræringarnar frá sjónarhorni vísindasamfélagsins. Ráðstefnugestir voru á einu máli um að þessi nálgun og yfirferð á viðkvæmu umfjöllunar efni var til þess að þeir fengu mun betri skilning á stöðu verkefna innan jarðvangsins en umfjöllun erlendra fjölmiðla hafa náð að endurspeglar. Það var því við hæfi að í kynnisferðum í lok ráðstefnunnar fengu allir þátttakendur tækifæri til að heimsækja Kvikuna í Grindavík og fá þar innsýn í aðstæður frá heimaþólki. Um 300 ráðstefnugestir tóku þátt í þessum kynnisferðum um Reykjanesið, þar sem þeir gátu meðal annars fræðst um jarðhræringar, menningu svæðisins, ferðaþjónustu, auð-

lindir svæðisins og nýtingu þeirra, útikennslu og STEM-fræðslu. Með ferðunum gafst því gestum tækifæri til að kynna fjölbreyttum verkefnum og nýsköpun, heimsækja menningarstofnanir, ferðaþjónustufyrirtæki, rannsóknarstofnanir og grunnskóla, ásamt því að ganga um Reykjanesið undir leiðsögn sérfræðinga.

Meginmarkmið ráðstefnu sem þessarar er að efla tengslanet jarðvanganna bæði innan netverksins og til hagaðila, að þátttakendur geti deilt reynslu sinni og lært af öðrum um leið og það kynnist starfsemi jarðvanga um allan heim. Fyrir aðstandendur Reykjanes jarðvangs var markmiðið með ráðstefnunni ekki síður að auka þekkingu innan netverksins á jarðvanginum og að nýta tækifæri til að kynna starfsemi jarðvanga heima fyrir, meðal íbúa, fyrirtækja og stofnana á Reykjanesinu sem og á landinu öllu.

Einn af lykilkáttum í verkefninu var að geta haldið viðburðinn í heimabyggð, innan Reykjanes jarðvangs, og styrkja þannig viðskipti og þjónustu í nærsamfélaginu. Eins og fram hefur komið voru um 400 þátttakendur á ráðstefnunni en með þessum viðburði má reikna með að sambærilegur fjöldi hafi komið að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar sem og við þjónustu við ráðstefnugestina með einum eða öðrum hætti. Lagt var upp með það að hálfu Reykjanes jarðvangs að öll þjónusta og aðföng fyrir ráðstefnuna kæmi af svæðinu, auk þess sem kappkostað var við að kynna framleiðslu og þjónustu af svæðinu á ráðstefnunni, í ráðstefnugögnum og á ráðstefnusvæðinu. Þannig komu allar veitingar frá aðilum innan svæðisins, hönnun og undirbúningur fór fram innan svæðisins, auk þess sem akstur þátttakenda, tónlistartriði og fleira kom frá heimaþólki.

Umhverfisstefna viðburðarins var að vera plastlaus, versla í heimabyggð og lágmarka allan akstur og flutning. Þá var kappkostað við að halda prentun í lágmarki og bjóða upp á endurvinnslu á staðnum. Við náum seint að halda kolefnishlutlausar ráðstefnur á Íslandi vegna legu landsins, en aðstandendur ráðstefnunnar ákváðu að hluti ráðstefnugjaldsins myndi renna til kolefnisjöfnunar,

og um leið styrkja björgunarsveitir svæðisins með því að kaupa Rótarskot fyrir 1,1 milljónir króna. Styrkur til björgunarsveitanna var afhentur á opnun viðburðarins.

Það er mat þeirra sem sóttu ráðstefnuna að hún hafi tekist með eindæmum vel og var umtalað að hún hafi verið með betri alþjóðlegu ráðstefna sem evrópska jarðvangsnetverkið hefur komið að hingað til. Mega því allir sem komu að verkefninu vera stoltir af sínu framlagi og þeim ávinningum sem hún skilaði bæði í nærsamfélaginu og út fyrir landsteinana.



Þátttakendur við hraunjaðarinn við Svartsengi.



FRÍR AÐGANGUR



FLÆÐI FRAMTÍÐAR
RÁÐSTEFNA
um nýsköpun, gervigreind og sjálfvirkni

15. NÓVEMBER

Ráðstefna verður haldin í Hljómahöll Reykjanesbæ þar sem fjallað verður um nýsköpun og framfarir í tækni. Á ráðstefnunni verður meðal annars rætt um gervigreind, sjálfvirkni og mikilvægi menntunar til að móta framtíðina.

HÆGT ER AÐ NÁLGAST DAGSKRÁ OG SKRÁNINGARFORM INN Á:

www.sss.is

Einnig er hægt að finna upplýsingar inn á www.fablab.is





FYLGDARLAUS BÖRN

Í góðu yfirlæti í Suðurnesjabæ

„Þetta hefur verið mjög gefandi, starfið er fjölbreytt og það er gaman að sjá hversu áhugasöm börnin eru að komast inn í íslenskt samfélag,“ segja Jóhann Birnir Guðmundsson og Sandra Bjarnadóttir, verkfnastjórar fylgdarlausra barna en um er að ræða verkefni sem barnavernd Suðurnesjabæjar sér um en íslenska ríkið kostar. Verkefnið hófst 1. janúar á þessu ári og gildir samningurinn til 31. desember en viðræður standa yfir varðandi áframhald.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



Jóhann er frá Garðshluta Suðurnesjabæjar og er hugsanlega þekktastur fyrir tuðruspark en hann lék um tíma sem atvinnumaður í knattspyrnu, m.a. í Englandi. Sandra á ættir að rekja til Suðurnesja, hún er dóttir annars knattspyrnumanns, markvarðarins Bjarna Sigurðssonar sem er frá Keflavík en lék lengi með ÍA og svo Val eftir að hann sneri til baka úr atvinnumennsku. Móðir Söndru, Arna Guðríður Skagfjörð, er líka frá Keflavík.

Jóhann var búinn að vera tengdur málinu síðan í ársbyrjun 2023 en þá leitaði barnavernd Suðurnesjabæjar til hans og fleiri aðila því álagið var það mikið vegna þessara fylgdarlausra barna. Þar sem þau voru í umdæmi Suðurnesjabæjar lenti það á bæjarfélaginu að sjá um þessi börn og var um tíma mjög mikið álag en það hefur lagast mikið með tilkomu ríkisins og þeirrar staðreyndar að tveir starfsmenn eru núna í fullu starfi við að sinna börnunum og þar fyrir utan kemur Securitas að málinu auk annarra aðila. Tvö húsnæði eru fyrir fylgdarlausu börnin í Sandgerði, Landakoti og Graystone.

„Það er ekki hægt að neita því að það var oft á tíðum ansi mikil ringulreið í kringum þessi fylgdarlausu börn og mikið álag á barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar. Um tíma þurftum við að hýsa börnin á Garðvangi í Garðinum og við vorum eins og hamstrar í hjóli þar sem mikill fjöldi barna kom og því var nauðsynlegt að ríkið kæmi að þessum málum. Samningurinn tók gildi 1. janúar á þessu ári og gildir út árið og ég á ekki von á öðru en hann verði framlengdur. Þó svo að komum flóttafólks til Íslands sé búið að fækka, þar sem mörgum er snúið við á staðnum þegar skilyrði eru ekki uppfyllt, virðist það ekki hafa áhrif á fjölda fylgdarlausra barna, þetta hefur verið svipaður fjöldi síðan í fyrra. Samningurinn við ríkið hljóðar upp á þjónustu við að hámarki 30 börn hverju sinni en á tímabilinu 1. janúar til 15. ágúst hafa 41 barn notið þjónustunnar. Að undanförunu hefur verið mest um komu barna frá Úkraínu en

þar fyrir utan hefur verið mest um börn frá Palestínu og Afganistan. Börnin eru flest í kringum fimmtán ára aldur en þó hafa komið yngri börn en þá er þeim komið fyrir í fóstri. Við erum þá í góðu sambandi við fósturforældrana og fylgjumst með hvernig barninu gengur. Það er í raun það besta fyrir barnið, það lærir tungumálið fyrr, kemst í virkni í nærsamfélaginu og sem betur fer hafa Íslendingar verið duglegir við að taka fylgdarlaus börn í fóstur.

Þjónustu okkar lýkur við átján ára aldur eða tvítugt ef ungmenntin eru í vistun, ef foreldrar barnanna koma til Íslands eða þegar ungmenntin halda af landi brott. Um leið og haft var samband við mig í fyrra og ég beðinn um að aðstoða var ég til, mér finnst þetta mjög áhugavert og hef notið mín til hins ítrasta í þessu starfi. Ég var í vinnu hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum [MSS] á þeim tíma en ákvað að stökkva á tækifærið þegar starfið var auglýst. Þetta er mjög

lifandi starfsvettvangur og alltaf eitthvað nýtt að takast á við, þetta hentar mér mjög vel,“ segir Jóhann Birnir.

Frumkvæði og virkni

Sandra hafði verið að vinna í félagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, m.a. við að aðstoða flóttafólk og þegar hún sá Suðurnesjabæ auglýsa eftir starfsfólki vegna fylgdarlausra barna, þurfti hún ekki að hugsa sig um lengi.

„Ég hef alltaf mikinn áhuga á þessum hópi innan flóttamannahópsins og var búinn að vinna nokkuð lengi í þessum málum og þess vegna var rökrétt skref hjá mér að sækja um þessa stöðu. Ég hef kunnað einkar vel við mig í þessu starfi sem er mjög fjölbreytt. Við Jói erum með fasta viðveru frá átta til hálf fjögur og er alltaf í nógu að snúast. Ef barn lendir á þeim tíma þá erum við mætt upp á flugvöll til að taka á móti því. Svo fara næstu dagar í að koma barninu fyrir, fara með það í læknisrannsókn,

tala við útlendingastofnun o.s.frv. en svo þarf að koma barninu sem fyrst í virkni. Fyrir utan okkur sér Securitas um mannaða gæslu í Landakoti og Graystone en þetta er ekki hefðbundin öryggisgæsla og eru starfsmenn t.d. ekki í einkennisklæðnaði. Þeirra starf er svipað og okkar hinna, að aðstoða börnin við allt milli himins og jarðar. Samstarfið við þessa aðila hefur gengið vonum fram og svo má ekki gleyma barnavernd Suðurnesjabæjar, hún kemur ennþá að þessum málum þó svo að álagið hafi minnkað talsvert eftir að við höfum störf. Þá eru tveir persónulegir ráðgjafar, tvær konur sem tóku að sér fylgdarlaus fósturbörn, þær taka í raun við af okkur og eru eins og mömmur barnanna, kíkja inn á heimilin í klukkutíma á dag og athuga hvort allt gangi ekki vel, aðstoða t.d. við heimanám og liðsinna börnunum.

Þegar börnin koma þá látum við þau fá nokkurs konar startpakka, þau fá strætókort, peningakort sem þau geta notað á vissum stöðum þar sem þau geta keypt nauðsynjavörur, þau fá sim-kort og svo borða þau í hádeginu á Réttinum. Þau þurfa að sýna ákveðið frumkvæði og hefur það ekki verið vandamál til þessa. Þau taka strætó á

morgnana og sækja sína virkni, snúa svo til baka og hægt og örugglega aðlagast þau samfélaginu.

Við reynum að koma börnunum í virkni sem tengist þeirra áhugamálum og svo erum við með samning við MSS, það hefur reynst mjög vel því börnin komast strax þangað inn, óháð hvaða tíma ársins þau koma. Það er ekki hægt að hoppa inn í Fjölbrotaskóla Suðurnesja [FS] á miðri önn en þau geta alltaf komist inn í MSS. Það eru tveir kennarar í MSS og er börnunum m.a. kennt tungumálið auk ýmissa nytsamlegra þátta sem nýtist þeim í dagsins amstri. Við reynum að koma börnum á grunnskólaaldri strax í grunnskóla en börn á framhaldsskólaaldri þurfa að bíða þar til ný önn hefst. Öll börn sextán ára og eldri hafa kost á að starfa hjá Fjölsmiðjunni, sem er frábært úrræði fyrir ungmennt sem hafa lent í óvirkni af einhverjum sökum. Þarna læra börnin að vinna, sjálfstraust þeirra eykst og hefur Fjölsmiðjan reynst fylgdarlausum börnum mjög vel en öll eiga þau það sameiginlegt að vilja strax láta til sín taka og komast í virkni. Þau eru öll mjög áhugasöm um að aðlagast íslensku samfélagi. Börnin tóku öll þátt í vinnuskóla Suðurnesjabæjar í sumar og gekk það mjög vel og þau hafa kost á að æfa íþróttir ef þau hafa áhuga á því, fótbolti er vinsælasta íþróttgreinin þeirra. Mörg barnanna voru ósýnd þegar þau koma og við höfum aðstoðað þau við að komast á sundnámskeið og hefur það mælst mjög vel fyrir.

Börnin eiga það öll sameiginlegt að vera flýja slæmar aðstæður og vilja flest þeirra setjast að á Íslandi. Það er misjafnt hvernig fjölskylduaðstæður þeirra eru, sum þeirra hafa misst báða foreldra sína en það er allur gangur á því. Nánast undantekningarlaust eru tungumálaerfiðleikar til að byrja með og þá getum við kallað til túlk, sérstaklega ef ráða þarf fram úr flóknari málum. Annars hefur Google translate dugað okkur merkilega vel.

Þetta ár hefur verið einkar skemmtilegt og ég vona innilega að framhald verði á, það kæmi mér mjög á óvart ef það verður ekki því ég sé hversu mikil þörf er fyrir þessa þjónustu,“ sagði Sandra að lokum.

Flest börnin vilja setjast að á Íslandi



Glæsilegir galatónleikar í tilefni 30 ára afmælis Reykjaneshæjar

Í tilefni af 30 ára afmæli Reykjaneshæjar heldur Óperufélagið Norðuróp í samstarfi við Tónlistarskóla Reykjaneshæjar glæsilega óperugalatónleika í Stapa með sautján einsöngvurum, kór, barnakór og símfóníuhljómsveit. Fluttar verða þekktar óperuáriur með kórum, Nessun Dorma, Casta Diva, Habanera (Carmen), Nautabanaarian, dúettar, kórar og senur úr óperum, La Boheme, La Traviata, Don Carlo, Lakme, Nabucco, Cavaleria Rusticana og Hans og Grétu.

Fram koma glæsilegir gestasöngvarar, þar á meðal Arnheiður Eiríksdóttir, mezzosópran, sem nýverið var valin „rísandi stjarna óperuheimsins“ á Alþjóðlegu óperuverðlaununum í München, Dísella Lárusdóttir, sópran, sem sungið hefur undanfarið í Metropolitan

Óperuni í New York, Hanna Olgeirsdóttir, sópran, sem var sigurvegari í einsöngvarakeppninni Vox Domini 2024, Davíð Ólafsson, bassi, sem hefur sungið fyrir landsmenn og víða erlendis, Aron Cortes, barítón, sem hefur sungið víða hér heima og erlendis, Cesar

Alonzo Barrera, tenór, sem mun syngja hina frægu ariú Nessun Dorma og Guðmundur Eiríksson, barítón, sem sungið hefur óperuhlutverk bæði hér heima og á Ítalíu. Svo höfum við einsöngvara sem tengjast svæðinu. Þar á meðal, Alexöndru Chernyshova, sópran, Braga Jónsson, bassa, Rósalind Gísladóttir, mezzosópran og svo meðlimi úr óperustúdíói Norðuróps og Tónlistarskóla Reykjaneshæjar: Birna Rúnarsdóttir, sópran, Bryndís Schram Reed, mezzosópran, Jelena Raschke, sópran, Júlíus Karl Einarsson,

tenór, Linda Pálína Sigurðsdóttir, sópran, Steinunn Björg Ólafsdóttir, sópran, og frá Litháen, Marius Kraujalis, tenór.

Hátíðarkór Norðuróps, sem flutti hin glæsilegu Mozart Requiem árið 2022 og Verdi Requiem árið 2023, mun hér bæði syngja þekktu kórþætti og með einsöngvurunum. Þá syngja krakkar úr barnakórnum Regnbogaraddir frá Keflavíkurkirkju og Barnakórar Sandgerðisskóla og Gerðaskóla með í atriði úr Hans og Grétu. Tuttugu og sjö manna símfóníuhljómsveit skipuð nemendum og kennurum Tónlist-

arskóla Reykjaneshæjar og hljóðfæraleikum úr Símfóníuhljómsveit Íslands leikur með. Stjórnandi er Jóhann Smári Sævarsson og konsertmeistari er Una Sveinbjarnardóttir. Æfingapíanisti tónleikanna er Antonia Hevesi.

„Við getum lofað algjörru „flugeldasýningu“ með glæsilegu listafólki og fallegustu perlum óperubókmenntanna,“ segir Jóhann Smári Sævarsson.

Miðasala er á tix.is

Gott sjónvarp frá Suðurnesjum



Fylgist með okkur á vf.is

Nýr þáttur
alla föstudaga



SUÐURNESJA
magasín



Suðurhlíð er ný miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

■ Þolendur eiga oft erfitt með að leita sér aðstoðar. Staðsett í Heilsugæslunni Höfða.

„Ég hef lengi brunið fyrir þennan málaflökk, ég vil aðstoða þolendur ofbeldis,“ segir Inga Dóra Jónsdóttir, teymisstýra í Suðurhlíð, sem er nýtt úrræði fyrir þolendur ofbeldis. Miðstöðin er staðsett þar sem Heilsugæslan Höfða er á Aðalgötu 60 í Reykjanesbæ.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Í tilefni af opnuninni var haldið hóf í Marriot-hótelinu sem er við hliðina á skrifstofunni, fjölmargir velunnarar mættu, m.a. Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra.

Markmið Suðurhlíðar er að veita stuðning, ráðgjöf og fræðslu um eðli og afleiðingar ofbeldis og gefa þau skýru skilaboð að ofbeldi verði ekki liðið. Lögð er áhersla á samþættingu þjónustu með það að markmiði að notendur gangi að sem flestum þjónustuþáttum á einum stað og þurfi ekki að fara á milli ólíkra stofnanna og kerfa til að fá nauðsynlegan stuðning og ráðgjöf.

Einstaklingsviðtöl og ráðgjöf eru í boði svo og tenging við aðra þjónustu sem er til staðar, þ.m.t. velferðarþjónustu sveitarfélaganna, heilsugæslu og lögreglu.

Suðurhlíð er fjórða miðstöðin á landinu, áður var búið að opna Bjarkarhlíð í Reykjavík (2017), Bjarmahlíð á Akureyri (2019) og Sigurhæðir á Selfossi (2021).

Suðurhlíð er óhagnaðardríf og er rekin af styrkjum.

Inga Dóra hefur lengi haft brennandi áhuga á að aðstoða þolendur ofbeldis en hún vann um tíma sem félagsráðgjafi hjá Reykjanesbæ, var búin að vera í svipaðri stöðu hjá Hafnarfjarðarbæ þegar hún sá stöðu teymisstýru Suðurhlíðar auglýsta.

„Ég er frá Arnarfirði á Vestfjörðum en hef búið undanfarin ár í Reykjanesbæ og líður vel þar. Ég átti sjö góð ár í vinnu sem félagsráðgjafi hjá Reykjanesbæ en langaði til að breyta til og var búin að vera í níu mánuði hjá félagsmálaþjónustu Hafnarfjarðarbæjar þegar ég sá þessa stöðu hjá Suðurhlíð auglýsta. Ég hef alltaf brunið fyrir þennan málaflökk, hann hefur lengi verið mitt hjartans mál og ég fann strax að ég vildi fá þessa stöðu og sótti því um, sem betur fer fékk ég starfið. Segja má að þetta verkfni hafi byrjað í fyrra. Ég tók þátt í undirbúningi á meðan ég vann

hjá Reykjanesbæ, það var kominn tími til að opna miðstöð hér og ég er afskaplega ánægð að fá að stýra henni. Allar þessar miðstöðvar sem hafa opnað eru reknar samkvæmt sömu hugmyndafræði, miðast við átján ára aldur og eldri en þó er Sigurhæðir aðeins ólík því sú miðstöð er bara fyrir konur. Þessar miðstöðvar snúast um að þolendur ofbeldis geti sótt alla þjónustu á sama stað, í stað þess að þurfa velkast um á milli margra kerfa. Ég á greiðari aðgang að ýmsum úrræðum og get þess vegna komið þeim aðilum sem leita til Suðurhlíðar fyrr á réttan stað. Ég hóf störf 1. september og byrjaði á að kaupa húsgögn og gera aðstöðuna okkar klára. Við fengum inni á Heilsugæslunni Höfða, ég lagði mikið upp úr að hafa þægilegt andrúmsloft og góðan anda.“

Fyrsta skrefið alltaf það erfiðasta

Þolendur ofbeldis eiga venjulega mjög erfitt með að stíga fyrsta skrefið í áttina að því að leita sér aðstoðar.

„Ég vona að þolendur ofbeldis lesi þessa grein og viti að mínar dyr í Suðurhlíð standa viðkomandi opnar. Hjá þolendum ofbeldis er oftast erfitt að stíga fyrsta skrefið til að leita sér aðstoðar. Ég held mér sé óhætt að segja að algengasta ofbeldið sé heimilisofbeldi og þá oftast er ekki að konan sé beitt ofbeldi af hendi mannsins en það er langt í frá algilt, karlmenn leita líka



til mín. Það ofbeldi sem karlmenn hafa lifað við er venjulega andlegt ofbeldi sem er ekki minna alvarlegt en líkamlegt. Kynferðisofbeldi er líka algengt en til eru margar hliðar ofbeldis og mikilvægt að allir viti að dyr mínar standa þeim opnar. Það er þægilegt að panta tíma, persónuleyndar er að sjálfsögðu gætt og ég hvet alla sem telja sig vera í ofbeldissambandi að hafa samband. Það hefur verið nóg að gera hjá mér, ég er eini starfsmaðurinn svo ég þarf að ganga í öll verk má segja, aðalatriðið er auðvitað að hitta þjónustuþega og veita þeim ráðgjöf. Svo þarf að huga vel að skráningu gagna en mjög vel er haldið utan um öll gögn og aftur, fullrar persónuleyndar er gætt. Ég hef verið að taka tvö viðtöl á dag en hvert viðtal tekur ekki lengri

tíma en 45 mínútur. Eins og er get ég ekki boðið upp á fleiri viðtöl, ég þarf líka að hlúa að mér í þessu starfi. Eins og komið hefur fram geta þolendur ofbeldis átt sér mjög flókna sögu og ég þarf að vera vel undirbúin og tilbúin svo ég geti veitt aðstoð. Ég vil geta verið til staðar sem fagaðili og ég veit að til þess þarf ég að hlúa vel að sjálfri mér, sem ég passa upp á. Þetta er ekki ólíkt því sem við sjáum í öryggisleiðbeiningum í flugvélum. Foreldrið á fyrst að setja grimuna á sig, síðan barnið sitt, það gildir í raun hjá mér líka. Þetta hefur alls ekki verið of mikið á þessum fyrstu vikum og ég hlakka til að byggja starfið hér upp. Það verður gott þegar ég get bætt við starfsfólki því mig dreymir um að geta verið með eftirfylgni líka, venjan er að þjónustuþegi komi að hámarki þrisvar sinnum og það séu u.þ.b. þrjár vikur á milli viðtala en svo væri gott að geta boðið upp á hópatíma í framhaldinu. Rannsóknir hafa sýnt að þolendur hjálpa hver öðrum, þeir fá stuðning frá hverjum öðrum og svona hópatímar hafa fyrir löngu sannað gildi sitt,“ segir Inga Dóra.

Heimilisofbeldi flóknustu dæmin

Mismunandi ofbeldi kallar á mismunandi úrræði. Þolendum kynferðisofbeldis er nánast undantekningarlaust vísað til Stígamóta en Inga Dóra hefur greiðan aðgang að þjónustu þar og þess vegna geta þjónustuþegar í Suðurhlíð fengið

þjónustu fyrr en ella. Heimilisofbeldi getur oft verið mjög flókið.

„Heimilisofbeldi er eðli málsins samkvæmt flókið því þarna á fjölskylda í hlut, börn oft á tíðum í spiliinu og sá sem beittur er ofbeldinu, sem oftast er konan, þarf kannski að snúa til baka inn á heimilið þar sem ofbeldið átti sér stað. Í alvarlegri málum er oft nauðsynlegt að konunni sé vísað í Kvænnaathvarfið og ef börn eru á heimilinu mega þau líka koma. Það getur verið erfitt fyrir þolendur að að mæta á lögreglustöðina ef þeir vilja kæra ofbeldið en ég get haft samband við lögreglu og óskað eftir að hún mæti í Suðurhlíð og þolandi getur lagt fram kæru þar.

Vardandi heimilisofbeldi þá er því miður sjaldgæft að þolandi geti snúið aftur til síns heima og allt fellur í ljúfa löð. Auðvitað fer það eftir í hve langan tíma ofbeldið hefur verið í gangi en venjulega er eina leið fórnarlambins út úr ofbeldinu að losa sig úr sambandinu. Mörgum kemur á óvart að ofbeldi þrífist á öðrum stöðum en bara inni á hefðbundnum heimilum, við sjáum ofbeldi hjá fötluðum, hjá eldri borgurum o.s.frv. Ofbeldið leynist víða.

Ég er mjög bjartsýn á rekstur þessarar miðstöðvar, móttökurnar í samfélaginu hafa verið frábærar. Við stofnun Suðurhlíðar fengum við styrk frá félags- og vinnumálaráðuneytinu, félagi Soroptimista í Reykjanesbæ og einnig fengum við styrk frá Góðgerðarfesti Blue Car Rental ehf. en starfsemi okkar er alfarið rekin af styrkjum. Ég þarf að beita mér í þeim efnum líka svo ég sé fram á annasama tíma á næstunni en hlakka bara til þess. Sveitarfélögin og samstarfsaðilar hjálpa okkur á annan máta en með beinum fjárstuðningi, t.d. ef það þarf tímabundið annan félagsráðgjafa eða aðra aðstoð. Ég veit að það er þörf fyrir svona þjónustu því Suðurnesin eru ört stækkandi með miklum breytileika fólks. Ef að fólk er ekki að nýta sér þjónustuna gæti það verið vísbending um að fólk átti sig ekki á að þjónustan sé til staðar eða að þolendur séu að leita sér aðstoðar fyrir utan svæðið. Eins og starfsemin hefur farið af stað sé ég þörfina fyrir miðstöð eins og Suðurhlíð hér á Suðurnesjum. Ég hlakka til að vera til staðar fyrir þá sem leita í þjónustu Suðurhlíðar og tel vel á móti öllum,“ sagði Inga Dóra að lokum.



Grindavíkurdætur með tónleika í Hljómahöll 10. nóvember

Gleðisprengjan Páll Óskar mætir sem skrautfjöldur

„Tónleikarnir með Fjallabráðrum í Hörpu síðasta vor virkuðu sem vítamínssprautu á okkur,“ segir kórstjóri Grindavíkurdætra, Berta Dröfn Ómarsdóttir en þessar dætur Grindavíkur ætla að gleðja Grindvíkinga og aðra í Hljómahöllinni sunnudaginn 10. nóvember. Eins og allir vita markar þessi dagsetning döpur tímamót í huga allra Grindvíkinga og til að láta depurðina ekki ráða ríkjum þennan dag var gleðisprengjan Páll Óskar Hjálmtýsson, fenginn sem sérstök skrautfjöldur og mun Palli taka þrjú lög með dætrunum.

Grindavíkurdætur voru stofnaðar árið 2019 og allir vita hvað gerðist ári síðar og stóð það fram til ársins 2022. Dæturnar náðu að sigla nokkuð lygnan sjó þar til í nóvember í fyrra og því mætti velta upp hvort rétt nafn sé á kórnum?

„Það mætti kannski kalla okkur „Hamfarakórinn“. En að öllu gríni slepptu hefur þetta verið ansi krefjandi fyrir okkur. Ég held að enginn geti sett sig í spor Grindvíkinga og þá meina ég þeirra sem bjuggu í Grindavík, sjálf er ég Grindvíkingur en hef ekki búið þar undanfarin ár. Stundum var fámenn á æfingum vegna flutninga og annarra tengdra verkefna, en við lifðum af og lítum björtum augum fram á veginn. Þegar Halldór Gunnar Pálsson, Fjallabráðir með meiru, hafði sam-

band við okkur fyrir tónleika sem haldnir voru í Hörpu síðasta vor til styrktar Grindvíkingum, virkaði það sem þvílík vítamínssprautu fyrir okkur. Í kjölfarið á þessum æðislegu tónleikum kom upp hugmyndin að halda aðra stóra tónleika þar sem Grindvíkingar gætu hist og fannst okkur dagsetningin 10. nóvember vera viðeigandi. Auðvitað er þetta ekki neinn gleðidagur en þetta er staðan og hægt er að snúa svona degi úr því að vera sorgardagur, í að fólk hittist og gleymi sér í tónlist. Við erum samt meðvitaðar um að fyrir Grindvíkinga er þetta tilfinningaríkur dagur en efnisskráin mun spanna allan skalann, frá sorg til gleði. Þar spilar gleðisprengja Páll Óskar stórt hlutverk og ég hef sterka trú á að samstarf okkar við

hann muni skila áheyrendum út í hversdaginn með von í hjarta,“ segir Berta.

Palli er góðgjössi

Pál Óskar Hjálmtýsson þarf varla að kynna fyrir nokkrum Íslendingi. Hann hefur lengi verið einn af ef ekki sá allra vinsælasti tónlistarmaður Íslands.

„Ég held að ég hefði kastað öllu frá mér til að geta tekið þátt í þessu en tónleikarnir eru kl. 18 svo ég nær að standa við bókun sem er seinna þetta kvöld. Mér er svo ljúft og skylt að taka þátt í þessu með Grindavíkurdætrum og hlakka agalega mikið til. Ég hef oft sungið með kórnum og þá gengur þetta svona fyrir sig, ég fæ lagalistann og pikka út þau lög



Grindavíkurdætur og Fjallabráður, Berta Dröfn, kórstjóri Grindavíkurdætra, er fremst á myndinni.



sem ég tel henta og það varð ekki mikið mál að þessu sinni. Auðvitað er þetta erfiður dagur fyrir Grindvíkinga en samvera og tónlist gerir svo mikið fyrir sálartetrið okkar. Það besta sem maður gerir þegar erfiðan dag ber upp, er að setja eitthvað gott í daginn í stað þess vonda. Þessir tónleikar er þetta góða, bæði samvera og tónlist en ég hef lengi haldið því fram að tónlist hafi lækningamát.

Við skulum ekki gleyma því að aðalatriðið þetta kvöld eru þessar æðislegu Grindavíkurdætur, ég get ekki beðið eftir að deila sviðinu með þeim en ég er bara skrautfjöldur. Ég ætla að fara í minn flottasta glansgalla og ég hlakka einfaldlega ofboðslega mikið til,“ sagði Páll Óskar að lokum.

RÝMINGARSALA

Barnahús · Garðhús · Gestahús · Gróðurhús

Allt að 40% afsláttur | Allt á að seljast, fyrstur kemur fyrstur fær | Ekki missa af þessu!



GARÐHÚS án fylgihluta



BARNAHÚS án fylgihluta



GESTAÚS án fylgihluta



GRÓÐURHÚS

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

HÚSIN eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **HÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

volundarhus.is

Vel valið fyrir húsið þitt

Tilboðin gilda núna í nóvember eða á meðan birgðir endast. Afsláttarverð reiknast af verðum á heimasíðunni okkar. Nánari upplýsingar á heimasíðu og í síma 864 2400.

www.volundarhus.is

MasterCard
Staðgreiðslu
lán

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBOGANIR

Minningarorð um Eyjólf Eysteinnsson

Lífslok eru órjúfanlegur hluti af lífinu okkar allra. Það er ljúfsárt að kveðja gott fólk sem hefur fylgt okkur og verið hluti af okkur.

Í október lést Eyjólfur Eysteinnsson, 89 ára gamall öðlingur, sem var góður vinur minn til fjölda ára.

Það var svo margt gott og einlægt í fari Eyjólfis og þótti mér alltaf jafn gaman og áhugavert að hlusta á þrumuræður hans um jafnrétti, betra samfélag og jafnan hlut okkar allra. Þvílíka og aðra eins fyrirmynd er erfitt að finna.

Þegar við kynntumst var ég að stiga mín fyrstu skref í pólitík fyrir Samfylkinguna heima í Reykjanesbæ. Ég var ekki alin upp í hreyfingunni, hafði ekki verið í ungliðahreyfingunni enda varð ég snemma móðir og hafði mínar hendur fullar af ábyrgð á tvítugsaldrinum. En 32 ára hóf ég mín störf fyrir Samfylkinguna og Eyjólfur var einn af þeim sem tók á móti mér með brosi á vör og þrumuræðu tilbúna um mikilvægi jafnaðarmennskunnar.

Við sátum saman í stjórn öldungaráðs Suðurnesja þar sem ég var ein undir 65 ára aldri en mikið voru þetta skemmtilegir og þroskandi tímar. Við ræddum mikilvægi öldunga og að raddir þeirra myndu heyrast og hversu mikilvægt það væri að virkja fólk á öllum aldri til að ræða þeirra hagsmuni fyrir aðra að heyra. Eyjólfur talaði allra mest fyrir aukningu hjúkrunar-ryma, málefni sem skipti hann miklu máli og hann barðist fyrir



alla hans daga. Það að eldra fólk eigi öruggan samastað og líði vel undir lok ævinnar var algjör fokuspunktur hjá Eyjólf. Hann var í stjórn eldri borgara, var í miklum samskiptum við HSS og talaði ávallt fyrir okkar heilbrigðisstofnun enda var hann áður forstjóri stofnunarinnar og vissi upp á háir hversu mikilvægt flaggskip HSS væri fyrir samfélagið okkar á Suðurnesjum.

Elsku besti Eyjólfur endaði ævi sína á HSS, á stofnun sem átti hug hans og hjarta. Það er huggun í því en einnig mikilvægur styrkur í að vita og finna að það er rétt að berjast fyrir samfélaginu okkar, fyrir lífsviðurværi okkar og fyrir stofnunum okkar. Því ef við segjum ekki okkar skoðun og tökum ekki þátt í baráttunni fyrir betra samfélagi, hver gerir það þá?

Eyjólfur skilur eftir sig stóra og mikla fjölskyldu, bæði hans eigin en líka þetta fjölskyldu sem hann átti þátt í að stofna með okkur í Samfylkingunni og fyrir það verð ég ávallt þakklát. Ég var heppin að kynnast þessum merka manni, að læra af honum hvernig við gætum haft áhrif og hvernig við getum styrkt okkur saman í átt að betra samfélagi fyrir okkur öll. Hvíldu í friði elsku vinur og takk fyrir allar okkar góðu stundir, ég mun virða þær og meta ávallt.

Takk fyrir allt og allt.

Fyrir hönd
Samfylkingarinnar,
þín Guðný Birna.

Verðmæti leikskólans

Verðmæti leikskólans er ótvírátt. Leikskóli sem mannaður er fagfólki og býður börnum upp á nærandi uppeldis- og menntumhverfi er kjöraðstæður barna. Skóli sem starfar í anda skóla fyrir öll og byggir starfsemi sína á röddum og þörfum barna. Þar eru leikskólakennarar lykilpersónur. Leikskólakennarar eru nefnilega sérfræðingar í uppleldi og menntun barna. Þeir hafa í sínu fimm ára námi lært margvíslegar aðferðir og leiðir til að efla og styrkja margþætta þroska barna í gegn um leik og skapandi starf þar sem áhugi barna er leiðarljósið. Það er ekkert einfalt við það þegar lítið er á börn sem ólíka einstaklinga með mismunandi þarfir og áhugamál eins og gert er í leikskólum. Þar er umhverfi og aðbúnaður skipulagður með þarfir barna í huga sem og aðferðir og leiðir sem hæfa hverju barni sem mest og best.

Leikskólar eru gríðarlega mikilvægt jöfnunartæki. Þar er börnum með mismunandi félagslegan bakgrunn, börnum sem eiga íslensku sem annað mál, börnum sem

eru með stoðþarfir og svo mætti áfram telja, mætt á eigin forsendum. Alltaf er markmiðið að styðja við alhliða þroska og líðan svo þau upplifi sig sem hluta af hópi, að þau tilheyri og finni sig í samfélagi sem tekur örur breytingum. Leikskólar eru einnig afar mikilvægir fyrir fjölskylduvænt samfélag og jafnrétti. Þeir sjá til þess að foreldrar geti reitt sig á úrvals aðstæður barna sinna meðan þeir sjálfir sinna námi og störfum. Í erli dagsins viti þau af þeim á þroskandi stað umvafin hlýju og nærandi umhverfi góðs fagfólks. Leikskólar gera þannig foreldrum kleift að vinna úti eða vera í námi og það er gríðarlega mikilvægt kvenfrelismál.

Ég sé það daglega í mínu starfi sem leikskólastýra hve mikilvæg starfsemi leikskóla er. Foreldrar gera að sjálfsgöðu kröfur á starfsemi leikskóla og það gerir starfsfólkið einnig sjálft. Það sýnir ást og umhyggju foreldra til handa barna sinna hve umhugað þeim er um starfsemi leikskóla og þá sýn að aðeins það besta sé nógu gott. Um leið skín áhugi og vilji starfsfólks í gegn um allt starf leikskólans

sem stöðugt vinnur við að gera hann að mögnuðum, áhugaverðum, skemmtilegum ævintýrastað þar sem öll börn fá notið bernsku sinnar eins og best verður á kosið. Saman gerum við öll; börn, starfsfólk og foreldrar, leikskólann að þeim frábæra stað sem hann er. Ég er svo lánsöm að búa í sveitarfélagi þar sem fleiri afar góðir leikskólar starfa. Leikskólar sem horft er til þegar rétt er um framúrskarandi skólustarf og þar sem ríkir mikill metnaður og vilji til að gera stöðugt betur.

Það er því mikilvægt að sanngjarnir samningar náist í kjara-deilu kennara svo börnin okkar allra fái áfram og enn betur notið góðra uppeldis- og menntaskilyrða innan einn fagmenntað starfsfólks sem hlúir að því dýrmætasta sem við eigum.

Hólfríður Jennýjar
Árnadóttir,
leikskólastýra og oddviti
Vintrihreyfingarinnar græns
framboðs í Suðurkjördæmi



Klárurum tvöföldun Reykjanesbrautarinnar

Kæra Suðurnesjafólk!

Mér er bæði ljúft og skylt að þakka fyrir þann stuðning sem ég fékk á kjördæmisráðsfundi sjálfstæðismanna nýverið þar sem ég var endurkjörin oddviti sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi. Það var töluverð endurnýjun á lista Sjálfstæðisflokksins og við frambjóðendur erum þakklát fyrir stuðninginn og þá hvatningu sem við höfum fengið á fyrstu vikum kosningabaráttunnar.

Góð sveitarfélög eru byggð upp af öflugum fólki sem lætur sig málin varða og er annt um nærsamfélagið. Mikil gróska er á Suðurnesjum og hér eru mikil tækifæri. Vöxtur sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur verið gríðarlegur á undanförunum árum og atvinnulífið hefur verið í mikilli sókn. Hér hefur verið afar gott að búa og starfa þótt áskoranir náttúruaflanna hafi sett svip sinn á lífið hér. Íbúafjölgun gerist þó ekki af sjálfu sér og halda þarf áfram þrot-

lausri vinnu við að tryggja að lífsgæði hér á Suðurnesjum verði ein og best verður á kosið.

Íbúafjölgun kallar á öflug og trausta innviði í samfélaginu okkar. Þar eru samgöngur stór þáttur í auknum lífsgæðum hér í kjördæminu. Þær verða að vera öruggar og góðar, hvar sem er í kjördæminu, annars dafnar hvorki mann- né atvinnulíf. Ég legg áherslu á að klára tvöföldun Reykjanesbrautar enda er um að ræða eitt brýnasta samgöngumál kjördæmisins. Við höfum séð í jarðhræringunum á Reykjanes-skaganum undanfarin misseri að Reykjanesbrautin er mikilvægur innviður á svæðinu og ef hún nær ekki að sinna hlutverki sínu, t.d. ef hún lokast, verður af verulegur samfélagslegur kostnaður. Að klára tvöföldun Reykjanesbrautarinnar er gríðarstórt hagsmunamál fyrir kjördæmið og ég mun beita mér fyrir að verkefnið klárast hér eftir sem hingað til.

Það eru önnur brýn mál sem brenna á Suðurkjördæmi. Til dæmis aðgengi að heilbrigðisþjónustu, en ég flutti þingsályktunartillögu um einkarekna heilsgæslu á Suðurnesjum árið 2022. Þess vegna var afar ánægjulegt að sjá Heilsgæsluna Höfða opna um ári síðar.

Þá má einnig nefna atvinnu-málin en við viljum forðast einhæfni og fá fjölbreyttari störf í kjördæmið. Við sjálfstæðismenn höfum talað fyrir fleiri stöðum í atvinnulífnum og verðmætari störfum. Það er okkur öllum til hagsbóta.

Fyrir stjórnmalafólk og aðra sem starfa í almannabágu er fátt dýrmætara en að fá tækifæri til að hitta fólk og ræða málin. Ég verð á mikilli ferð um kjördæmið næstu vikurnar í kosningabaráttu og hlakka til að heyra ykkar sýn og sjónarmið á því sem skiptir máli í kjördæminu okkar. Það samtal mun halda áfram að þróast og dýpka, enda hvergi nærri lokið.

Við sjálfstæðismenn horfum fram á veginn full af bjartsýni og eftirvæntingu, einbeitt í því að stuðla að jákvæðum breytingum. Sjálfstæðisflokkurinn stendur einn sem skýr valkostur í komandi þingskosningum fyrir þá sem vilja byggja íslenskt samfélag á einstaklingsfrelsi og atvinnufrelsi með hag allra samfélagshópa í huga. Stefna okkar byggir á traustum grunni mannréttinda, jafnræðis, frelsis og ábyrgðar einstaklingsins.

Guðrún Hafsteinsdóttir,
dómsmálaráðherra



SKIL Á AÐSENDU EFNI

Greinar og annað aðsent efni sem óskað er að birtist í Víkurfréttum þarf að hafa borist ritstjórn fyrir hádegi mánudags á netfangið

vf@vf.is



Opinn fundur með **Samfylkingunni** í Reykjanesbæ laugardaginn 9. nóv. kl. 10.30.

Samfylkingin í Suðurkjördæmi býður til opins kaffi fundar í Reykjanesbæ, laugardaginn 9. nóvember að Víkurbraut 13 klukkan 10:30.

Á fundinum munu frambjóðendur Samfylkingarinnar, þau Víðir Reynisson, Ása Berglind Hjálmsdóttir og Sverrir Bergmann Magnússon, taka á móti gestum og ræða málefni dagsins. Þau vilja hitta sem flesta, heyra hvað skiptir fólki í landinu máli og kynna helstu áherslur Samfylkingarinnar fyrir framtíð landsins.

Þessi viðburður er kjörið tækifæri fyrir íbúa Suðurkjördæmis til að kynnast frambjóðendum og þeim stefnumálum sem Samfylkingin hefur lagt mikla vinnu í á undanförunum tveimur árum.

Lögð verður sérstök áhersla á málefni sem snerta líf og framtíð fólks í Suðurkjördæmi og hvernig Samfylkingin hyggst vinna að sterkari, sjálfbærari og sanngjarnari framtíð fyrir landið allt.

Við hvetjum alla til að taka þátt og hlökkum til að sjá sem flesta og taka samtalið.

Átt þú pantað pláss fyrir kosningar?

- × Þrjú blöð Víkurfrétta fram að alþingiskosningum
- × Fjölbreyttir möguleikar á vf.is og kylfingur.is
- × Suðurnesjamagasín vikulega í Sjóvarpi Víkurfrétta



Bókið auglýsingapláss tímanlega hjá andrea@vf.is

Heimildamynd um Höllu Har

Heimildamynd um Höllu Har, eða Höllu Haraldsdóttur, gler- og myndlistarkonu, var frumsýnd í Bíó Paradís í síðustu viku. Myndin er eftir Láru Z. Omarsdóttur.

Halla Haraldsdóttir er fædd og uppalin á Siglufirði en bjó lengst af ævi sinnar í Keflavík eða í Þrjátíu og fimm ár með Hjálmari Stefánsyni, sem lengi var bankastjóri Samvinnubankans og síðar Landsbankans, og sonum þeirra þremur, Haraldi, Þórarni og Stefáni sem er látinn. Halla lést í nóvember 2023, skömmu eftir að hafa farið til Siglufjarðar með Láru til að rifja upp æsku hennar og upphaf listarferils en fyrstu verkin sýndi hún í búðarglugga þar í bæ árið 1962.

Halla var valin Listamaður Keflavíkur árið 1993 og á mörgum heimilum og stöðum á Suðurnesjum eru verk eftir hana.

Í kynningu um myndina segir: „Hún ólst upp á tímum þegar konur áttu að vera húsmæður og allt sitt líf barðist hún við fordóma í garð kvenna í listsköpun. Til að geta sinnt listsköpun sinni þurfti Halla með ótrúlegri útsjónarsemi að sameina húsmæðrahlutverkið og listamannaferilinn.

Halla var fyrsta konan til að sinna listsköpun sinni búandi á Íslandi og fyrsta konan í lifandi lífi til að sýna á Kjarvalsstöðum. Í myndinni segir Halla sjálf frá ævistarfi sínu og lífi, baráttu sinni við fordómafullt samfélag og hvernig hún tókst á við það mótlæti sem hún varð fyrir.



Þórarinn Hjálmarsson, sonur Höllu Har og Bára Alexandersdóttir, konu hans, gáfu Láru fallega mynd eftir listakonuna.

Ögurstund í alþingiskosningum 30. nóvember

Ólafur Ísleifsson

Höfundur skipar 3. sætið á framboðslista Miðflokksins í Suðurkjördæmi.



Komandi alþingiskosningar ráða miklu um framvindu mála hér á landi á komandi tíð. Þær gefa færi á að tryggja hagsæld og lækkun vaxta, hefja nýja sókn til að tryggja landsmönnum ódýra raforku og tryggja landsmönnum frelsi einstaklinga og fullveldi og yfirráð yfir verðmætum auðlindum þjóðarinnar. Kosningarnar eru ögurstund og gætu farið á annan veg.

Efnahagsmálin kalla á styrk tók á ríkisfjármálum með hófsemi að leiðarljósi. Hófsemi í útgjöldum, hófsemi í skattheimtu, niðurgreiðslu skulda.

Leysa þarf orkubúskapinn úr viðjum Rammans, úrelts fyrirkomulags sem notað hefur verið til að tefja nauðsynlegar framkvæmdir. Áður fyrr voru sett lög um einstakar virkjanir og kannski þarf að taka þá stefnu upp að nýju. Framleiðsla og dreifing á raforku þarf að samrýmast ítrustu kröfum til að tryggja landsmönnum orku á hagstæðu verði og greiða fyrir orkuskiptum.

Ákveði aðkomamaður að sækja um hæli hér á landi opnast ríkissjóður í þágu hans eins og opinn krani og tryggir honum húsnæði, upphald, lækniþjónustu og lögfræðiráðgjöf á kostnað skattgreiðenda sem skatturinn gefur engin grið. Við höfum eytt í þetta tugum eða hundruðum milljarða sem hefðu getað nýst Íslendingum með betri hætti.

Fullveldi þjóðarinnar er markleysa nema landamærin séu örugg. Við höfum fylgt stefnu opinna landamæra, öfgastefnu sem hafnað hefur verið af nágrannaþjóðum og þær lýsa sem mistökum. Íbúar á Reykjanesi þekkja öðrum betur afleiðingar þessarar stefnu fyrir samfélagið. Þeir eiga vól um flokka sem aðhyllast opin landamæri og opinn krana úr ríkissjóði, þar á meðal Framsóknarflokkinn eftir eldræðu formanns þess flokks í sjónvarpi nýverið, og Miðflokkinn sem ætlar að tryggja örugg landamæri í þágu íslenskra hagsmuna.



Stella Baldvinsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Bergþóra Bergsteinsdóttir, Jasmina Cranc og Lilja Jóhannsdóttir voru á frumsýningunni.

Í tilefni 30 ára afmælis Reykjanesbæjar!

ÓPERUGALA NORÐURÓPS

Í samstarfi við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

16. NÓVEMBER, KL. 17 HLJÓMAHÖLL, REYKJANESBÆ

Hátíðarkór Norðuróps
Óperustúdíó Norðuróps og
Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Sinfónihljómssveit
Barnakór



DÍSELLA
LÁRUSDÓTTIR



ARNHEIÐUR
EIRÍKSDÓTTIR



Stjórnandi: Jóhann Smári Sævarsson
Konsertmeisatari: Una Sveinbjarnardóttir

ARON CORTES DAVID ÓLAFSSON HANNA OLGEIRSDÓTTIR
CESAR BARRERA GUDMUNDUR EIRÍKSSON JELENA RASCHKE
ALEXANDRA CHERNYSHOVA BIRNA RÚNARSDÓTTIR
MARIUS KRAUJALIS RÓSALIND GÍSLADÓTTIR BRAGI JÓNSSON

MÍÐASALA Á TIX.IS



30
ÁRA





ALÞINGISKOSNINGAR

LAUGARDAGINN 30. NÓVEMBER 2024

Kjörskrá liggur frammi almenningi til sýnis, frá föstudegi 8. nóvember fram að kjördegi á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Voga, lðndal 2.

Kjósendur eru hvattir til að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskrá. Athugasemdum við kjörskrá skal beint til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga.

Kosið er í Stóru-Vogaskóla, Tjarnargötu 2.

Kjósendur skulu framvísa persónuskilríki á kjörstað.

Kjörstaður opnar kl. 10:00 og lokar kl. 22:00.

Frá 7. nóvember og fram að kjördegi er hægt að kjósa utan kjörfundar hjá sýslumanni á opnunartíma.

Kjörstjórn Sveitarfélagsins Voga



VOGAR
- vinalægur bæir

SMÁUGLÝSINGAR

FISKVINNSLUHÚSNÆÐI ÓSKAST TIL LEIGU.

Hvar sem er á Suðurnesjum kemur til greina. Hentug stærð væri 200–500 fm og þarf húsið helst að vera svo gott sem klárt undir vinnslu.

Upplýsingar í síma 822-6181 eða á asdf@mitt.is



Heimsmeistaramót haldið í Njarðvík

Massi, kraftlyftingadeild Njarðvíkur, hélt glæsilegt Evrópumót á síðasta ári og hlaut mikið lof fyrir góða umgjörð og skipulag á heimsmeistaramótum. Í kjölfarið var deildin beðin að halda heimsmeistaramótið í búnaði sem fer fram í Ljónagryfjunni dagana 11. til 16. nóvember.

Ellert Björn Ómarsson, gjaldkeri og fráfarandi formaður kraftlyftingadeildarinnar, hitti Víkurfréttir í æfingaaðstöðu Massa í kjallara Ljónagryfjunnar en þar hafa staðið yfir miklar framkvæmdir í aðdraganda HM.

„Við þurftum að bæta aðstöðuna hjá okkur og rýma til fyrir fleiri tækjum en hér munu keppendur hita upp áður en átökin eiga sér stað uppi á gólfinu,“ segir Ellert en sjálfbodaliðar úr röðum Massa brutu niður vegg og fleira til að stækka lyftingasalinn. „Við eigum von á hátt á þriðja hundrad keppendum, 242 eru skráðir til leiks í mótinu og keppendur þurfa að geta gengið að góðri æfingaaðstöðu til að undirbúa sig fyrir keppni.“

Byrjaði að lyfta sem unglingur

Ellert fékk snemma áhuga á kraftlyftingum en hann hafði æft fótbolta og var byrjaður að missa áhuga á honum þegar hann ákvað að fara á námskeið hjá Massa. „Ég hafði verið að lyfta með vini mínum í Perlunni, gömlu góðu, en ég var í Holtaskóla og bjó þar rétt hjá. Maður vissi ekkert hvað maður var að gera í ræktinni og svo sá ég námskeið auglýst hérna í Massa, það var kraftlyftingar fyrir byrjendur sem Stull [Sturla Ólafsson] hélt úti og fékk nokkra aðra með sér til að halda utan um það. Við vorum kannski tíu, tólf sem sóttum þetta námskeið og af þeim hópi vorum við fjórir sem héldum áfram og fórum að keppa.“

Vitandi sjálfur, eftir að hafa sett upp sambærileg námskeið, ef einn skilar sér áfram af kannski fimm manna hópi þá er það gríðarleg



Ellert Birni og Guðlaugu Olsen var hrósað í hástert fyrir umgjörð Evrópumótsins á síðasta ári.

ÍÞRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



aukning fyrir jafn litla deild og okkar.“

Ellert segir að eins og staðan er núna þá er enginn fastur þjálfari hjá Massa sem sinnir unglingaþjálfun. Krakkar mega byrja að keppa í kraftlyftingum fjórtán ára en þau geta byrjað að æfa fyrr. Það eru nokkrir efnilegir unglingar að æfa hjá Massa en þeir eru þá að æfa með öðrum félögum í deildinni.

„Bara æfingar án lóða eru mjög góðar fyrst, að æfa hreyfiferla fyrir þessar þrjár grunnlyftur; hnébeygju, bekkpressu og réttstöðulyftu. Þetta eru sérgreinar og það þarf að æfa sömu hreyfinguna aftur og aftur.“

Við viljum halda utan um þann hóp og það skiptir sérstaklega

miklu máli þegar þau eru að byrja í einhverju nýju sporti að það sé góð umgjörð. Það er kannski þess vegna sem við höfum verið smá hikandi við að koma þeim af stað því að það skiptir miklu máli, það má ekki bara vera einhver sem sinni þessu og svo losni um þetta.“

Rótgróinn kjarni

Það er samheldinn hópur fólks sem stendur að baki kraftlyftingadeildarinnar Massa. Ellert keppti í kraftlyftingum frá 2011 til 2015 en var kominn í stjórn Massa árið 2013.

„Sem ungi, ferski, duglegi strákurinn,“ segir hann. „Svo héldum við Norðurlandamót hérna árið 2014 og þá má segja að áhuginn hafi kviknað fyrir þessum stjórnunarluta frekar en keppnishlutunum. Ég var ágætur í lyftingum en ég var aldrei efni í neinni afreksmann og áttaði mig alveg á því. Mér fannst



Félagar í Massa hafa ekki setið auðum höndum eins og sjá má. Búið að brjóta niður vegg og stækka æfingasalinn.



Þóra Kristín Hjaltadóttir stóð sig vel á Evrópumótinu í fyrra en hún hefur nú tekið við formennsku af Ellert.

samt gaman í þessu og þetta mót þarna 2014 varð til þess að maður fann öðruvísi nálgun á lyftingarnar. Í framhaldi af því héldum við Evrópumót í bekkpressu árið 2016 og svo fer fólk, sem hafði verið mín stöð og stytta þegar ég var að byrja í stjórn, að falla út úr starfinu. Maður var svolítið einn á báti til að byrja með en maður fékk ýmsa aðila með sér, ár í senn – en síðan hefur verið þessi gamli kjarni sem hefur haldið þessu lifandi.“

„Síðasta ári var svo haldið glæsilegt Evrópumeistaramót í Ljónagryfjunni, upphaflega hafði staðið til að halda það árið 2020 en mótinu var seinkað vegna Covid. Á því móti kepptu rúmlega eitt hundrad manns og má því segja að það mót hafi verið ágætis undirbúningur fyrir heimsmeistaramótið sem fer nú í hönd.“

Sjaldan sem heimsmeistaramót er haldið á Íslandi

Þið hélduð Norðurlandamót 2014, Evrópumót 2016, Evrópumót í fyrra og svo heimsmeistaramót núna. Hvernig stendur á því að það er verið að halda öll þessi stóru mót þessari litlu íþróttahöll á Íslandi? „Góð spurning. Kannski af því að við erum nógu klikkuð til að láta á það reyna,“ svarar Ellert og hlær. „Nei, í sambandi við þetta heimsmeistaramót þá er það vegna velgengi okkar með Evrópumótið í fyrra sem ýtti undir að við fengjum að halda mótið.“

Þetta mót er haldið á hverju ári og það er búið að festa niður hvar mótin eru haldin nokkur ár fram í tímann. Mótið í ár átti að vera haldið á Indlandi en fyrir svona einu og hálfu ári sá Alþjóðlega kraftlyft-

ingasambandið að það gæti ekki treyst aðilum þar til að halda mótið. Í kjölfarið fékk formaður Kraftlyftingasambands Íslands simtal og honum tjáð að það vantaði móts-haldara, hvort við hefðum áhuga – við hefðum 24 klukkutíma til að sækja um. Þetta var einhvern veginn svona og það var slegið til.“

Ellert segir að ákvörðunin hafi eiginlega legið fyrir þegar Massi hélt Evrópumeistaramótið í fyrra, að Ísland væri líklegasti kosturinn fyrir heimsmeistaramótið. „Það var nokkurs konar generalprufa,“ segir Ellert.

Sex keppisdagar og keppni fatlaðra

„Undanfarin ár hefur Alþjóðlega kraftlyftingasambandið samtvinnnað Special Olympics inn í mótið, þannig að keppendur fatlaðra í kraftlyftingum fá í raun sama svið og besta fólkið í greininni. Við verðum með tuttugu keppendur í flokki Special Olympics, þar af eru sjö Íslendingar. Við eigum fullt af sterku lyftingafólki og fjögur þeirra hafa verið að taka þátt í alþjóðlegum mótum en hin hafa ekki verið mikið að ferðast og nota því tækifærið núna til að taka þátt.“

Mótið hefst næstkomandi mánudag og Ellert hvetur alla áhugasama um kraftlyftingar til að líta við í Ljónagryfjunni. Aðgangur að mótinu sé ókeypis og veitingasala opin alla daga fram á kvöld.

Allar upplýsingar um heimsmeistaramótið er að finna á <https://ipfworlds.com/> og á Facebook-síðu Massa (<https://www.facebook.com/massi.lyftingardeild>).



Ellert var fimmán ára þegar hann byrjaði að æfa hjá Massa um haustið 2009. Hér er hann að keppa á sínu fyrsta kraftlyftingamóti, ungliðamóti Massa í maí 2010.





Stundum fer þetta bara ekki ofan í - segir fyrirlíði karla í körfuknattleik

„Fyrstu fimm leikirnir hafa ekki alveg spílast eins og við hefðum viljað,“ segir Halldór Garðar Hermannsson, fyrirlíði Keflavíkur sem hefur unnið tvo og tapað þremur í upphafi Bónusdeildar karla í körfuknattleik.

„Tveir af þessum leikjum voru mjög tvísýnir. Tapið fyrir Njarðvík á heimavelli svíður sárast, þá munaði bara einu stigi og gífurlega súrt. Svo töpuðum við í framlengingu á útivelli gegn Hetti, erfður útileikur á Egilsstöðum en þar sem við erum að stefna á að vinna deildina þá var líka skellur að hafa tapað þar.“

Haldór segir að tapið gegn Val hafi verið sannfærandi en svo hafi Keflavíkurlíðið náð að þjappa sér saman fyrir heimaleik gegn KR í fimmtu umferð. „Eins og við spil- uðum í þriðja leikhlotu á móti KR

þá finnst mér miklu meira búa í liðinu en við höfum sýnt. Maður verður að taka það jákvæða út úr þessu og byggja á því.

Loksins small vörnin hjá okkur og þá fengum við auðveldar körfur hinum megin, sem við höfðum ekki alveg verið að fá fram að þessu. Út á við erum við sóknarlið en við þurfum líka vörnina svo við fáum líka auðveldar körfur úr varnarleiknum, með stolnum boltum og hraðaupphlaupum.“

Stutt á milli

Keflavík hefur tapað þremur leikjum á tímabilinu, af þeim tapast einn með einu stigi og annar fer í framlengingu. Það er rosalega stutt á milli.

Tuttugu ára bikartitli fagnað



Leikmenn úr bikarmeistaraliði Keflavíkur í knattspyrnu 2004 ásamt stjórnarmönnum og nokkrum stuðningsmönnum komu saman til að minnst þessa magnaða bikarsigurs í síðustu viku. Keflavík lagði KA í bikarúrslitum 3-0 í frábærum leik á Laugardalsvelli þar sem norðanmenn áttu ekki roð í Keflavíkinga. Liðið úr bítlabænum var nýliði í efstu deild þetta sumar og lék sérlega vel í bikarkeppninni, skoraði níu mörk og hélt hreinu. Einnig var magnað að allir leikirnir í bikarkeppninni þetta ár voru á útivelli.

Þetta var þriðji bikartitill Keflavíkinga en áður hafði liðið unnið bikar 1975, 1997 og síðan kom sá þriðji 2004. Tveimur árum síðar vann Keflavík KR í úrslitaleik árið 2006 á Laugardalsvelli.

Keflavíkingar sem voru í hópnum og í kringum hann 2004, fyrir tveimur áratugum síðan, komu saman, rifjuðu upp góða tíma og horfðu síðan m.a. á myndskleið frá bikarleiknum 2004 sem Garðar Örn Arnarson tók saman.

„Ég er að segja það. Við gætum verið 4-1, jafnir á toppnum og á réttari leið - stundum fer þetta bara ekki ofan í og þá þurfa menn einfaldlega að finna lausnir á vanda- málinu og verða betri.“

En það er ekki komin nein ör- vænting í hópinn.

„Nei, nei, nei - en það er kominn tími til á að menn þjappi sér saman og fari að gera þetta sem lið. Það var gott að verja heimavöllinn á móti KR og við ætlum klárlega byggja á því.“

Haldór segir það að hafa þurft að leika þrjá útileiki í fyrstu fjórum umferðunum hafi gert byrjunina enn strembnari. Hann segist ekki ætla að nota það sem afsökun, hóp- urinn sé hins vegar í góðum málum og allir heilir.

„Allir í toppstandi, ekkert undan því að kvarta - þó að þjálfarinn segist vera í betra formi en við þá held ég að hann hafi eitthvað verið að ruglast kallinn. Ég myndi allavega vilja sjá hann klæða sig í búning og taka eins og eina æfingu með okkur.“

Wendell Green látinn fara

Haldór svarar þeim tíðindum að Wendell Green hafi verið látinn fara á þeim nótum að hann hafi

ekki verið að smella með liðinu. „Þetta hefur ekki gengið alveg. Þú sérd það, við erum búnir að tapa þremur og vinna tvo. Það þurfti ákveðna breytingu í hópinn og það kemur maður í manns stað.“

Þegar Víkurfréttir spurðu Magnús Sverri Þorsteinsson, for- mann körfuknattleiksdeildarinnar, út í mál Green staðfesti hann brottreksturinn og sagði að leit að nýjum leikmanni stáði yfir: „Við erum á fullu að leita og ætlum að velja vel,“ sagði formaðurinn.



1X2 „PRUMAD Á PRETTÁN“

Víðir mætir Reyni í næstu umferð tipleiksins

Þórunn Katla Tómasdóttir úr Garði hafði betur gegn Keflavíkingnum Óla Þór Magnússyni eftir hnífjafnan leik sem endaði 8-8 en Þórunn var með fjóra leiki rétta með leikjum með einu merki, á móti þremur réttum Óla. Hún heldur því áfram en Óli Þór hefur lokið leik og er eftur, með sautján leiki rétta og er Óla hér með þakkað fyrir sína fram- göngu. Það er við hæfi að láta Víði mæta Reyni þar sem þessir bræður hafa snúið bókum saman og munu mæta sameinaðir inn á völlinn tímabilið '26. Þórunn sem er úr Garðinum mætir þjálfara Reynismanna, Grindvíkingnum Ray Anthony Jóns- syni sem nýverið framlengdi samningi sínum við Reyni og stýrir liðinu á síðasta tímabili þess sem Knattspyrnufélagið Reynir áður en Víðir og Reynir sameinast.

Ray spilaði lengi fótbolta, lengst af með Grindavík en líka með Keflavík og á í heildina 337 leiki að baki, þar af 198 í efstu deild. Ray spilaði tvo landsleiki með U-21 landsliði Íslands en svo lék hann um tíma með landsliði Filippseyja, þaðan sem hann er að hálfum hluta til. Honum líst vel á að vera fulltrúi Reynis og mæta Víðiskonu í tipleiknum.

„Ég þóttist vera góður tippari hér áður fyrr og mun að sjálfsögðu tippa til sigurs í þessum leik gegn Þór- unni. Það verður gaman að mæta Garðkonu en mikil ánægja ríkir með væntanlegt samstarf félaganna, það var fyrir löngu kominn tími á þetta og nú geta liðin hætt að slást um sömu krónurnar og leikmennina. Eins er gott að fá sanngjarna lendingu í vallarmálin, nú una báðir aðilar við sitt og sameining félaganna á bara eftir að verða til góðs, það er ég sannfærður um.“

Ég hef alltaf fylgst vel með enska boltanum og Manchester United hefur alltaf verið mitt lið. Það er búið að reyna á að fylgjast með síðan Ferguson hætti en ég held að blikur séu á lofti núna. Það var viðbúið að ten Hag mætti ekki misstíga sig mikið eftir að nýtt stjórnarteymi tók við og nú er þetta ákveðið, mér

líst vel á nýja stjórnann og hef fulla trú á að United verði komið á fyrri stall innan fárra ára,“ sagði Ray.

Þórunn Katla var himinlifandi að hafa náð að vinna markamaskínuna úr Keflavík.

„Það var gaman að vinna og fá að halda áfram og vil ég hér með þakka Óla Þór fyrir drengilega keppni. Mér líst mjög vel á næsta andstæðing, alltaf gaman þegar Víðir mætir Reyni, ég mun leggja mig alla fram til að vinna Reynismanninn,“ sagði Þórunn.



Þórunn	Séðill helgarinnar	Ray
☒ ☐ ☐	Liverpool - Aston Villa	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☒	Brighton - Man.City	☐ ☐ ☒
☒ ☒ ☒	Crystal Palace - Fulham	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☒	Brentford - Bournemouth	☐ ☒ ☒
☒ ☐ ☐	West Ham - Everton	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☐	Wolves - Southampton	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☐	Derby - Plymouth	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☐	Leeds - Q.P.R.	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☐	Norwich - Bristol City	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☐	Portsmouth - Preston	☒ ☐ ☒
☒ ☐ ☐	Sunderland - Coventry	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☒	Exeter - Charlton	☒ ☒ ☒
☒ ☐ ☒	Stockport - Bolton	☐ ☒ ☒

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Störf í leik- og grunnskólum

Holtaskóli - Umsjónarkennari í 1. bekk

Stapaskóli - Kennari á miðstigi

Stapaskóli - Kennari í íþróttir og sund

Stapaskóli - Umsjónarkennari á unglingsstigi

Önnur störf

Velferðarsvið - Starfsfólk í stuðningsþjónustu

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Viltu taka þátt í að veita börnum og fjölskyldum stuðning?

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

KOMDU OG PRÓFAÐU HEILSUDÝNUR

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS

Stillanleg rúm frá **Reverie** með Wallhugger kerfi.
Rúmið dregst að veggnum þegar höfðalagið er reist upp.



NÓTT og 1001 NÓTT eru hágæða heilsudýnur þar sem einungis er notast við 100% nátturuleg efni í bólstrun. Íslenska ullin gegnir þar megin hlutverki þar sem einstakir efniseiginleikar hennar njóta sín fullkomlega.

OEKO-TEX®
STANDARD 100

RÚM MEÐ GEYMSLU

og áföstum höfuðgafli sem er með geymslu & gríðarlega slitsterku áklæði.

- 140x200 cm / ytra mál 150x220 cm
 - 160x200 cm / ytra mál 170x220 cm
 - 180x200 cm / ytra mál 190x220 cm
- 3 litir: Grátt - Taupe - Stone
Verð kr. 139.900 kr. – 189.900 kr.



NÝTT

MIKIÐ ÚRVAL AF LYFTUSTÓLUM

með leðri eða slitsterku áklæði, auðveldir í notkun
Verð frá kr. 159.000.-



Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



Listhúsið Laugardal - Reykjavík



Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233 | Baldursnesi 6, Akureyri
Ópið virka daga kl. 10:00 - 18:00 | Laugardaga 12:00 - 16:00

Viðbragðsáætlun vegna sjávarflóða í Grindavík

Viðbragðsáætlun vegna sjávarflóða í Grindavík var lögð fram til kynningar á bæjarstjórnarfundum sl. þriðjudag. Um er að ræða áætlun sem nær yfir hafnar svæðið og nágrenni. Áætlunin skiptist í tvenns konar viðbragð:

Viðbragð 1 sem tekur mið af spá um allt að 4,9k metra sjávarhæð og er minniháttar aðgerð

Viðbragð 2 sem tekur mið af spá sem fer yfir 4,9 metra sjávarhæð og felur í sér umfangsmeiri viðbótaraðgerðir og lokanir.

Veðurstofan, Almannaþingurinn og starfsfólk hafnarinnar fylgjast með veðurspám. Þegar spár benda til þess að von sé á sjávarflóði sem mun flæða yfir kvíabryggju, Seljabót fyrir neðan Kvikuna og Eyjabakka, kalla starfsmenn hafnarinnar eða viðbragðsaðilar eftir sjávarfallspá hafnarviðs

Vegagerðarinnar til að leggja mat á hvort viðbragð 1 eða viðbragð 2 eigi við um hugsanleg sjávarflóð.

Í viðbragðsáætlun, sem birt er á vef Grindavíkurbæjar, má sjá frekari útlitun á aðgerðum og hvar áætlað er að loka til að hindra að sjór valdi skemmdum á athafnasvæði hafnarinnar.

Viðbragðsáætlunin verður uppfærð að minnsta kosti í upphafi hvers árs og eftir því sem reynsla mótvægisáðgerða vindur fram að sögn Sigurðar Kristmundssonar, hafnarstjóra Grindavíkurbæjar.



Há sjávarstaða í Grindavík seint í sumar. Sjór flæddi upp á bryggjur. VF/Hilmar Bragi

Hvaða ummerki eiga að vera sýnileg um jarðhræringar innanbæjar í Grindavík?

Undanfarna mánuði hefur Grindavíkurbær ásamt Batteríinu arkitektastofu unnið að framtíðarsýn fyrir Grindavík þar sem unnið verður með möguleika á uppbyggingu þjónustu fyrir íbúa og ferðamenn. Niðurstöðurnar verða kynntar í formi tillögu að rammaskipulagi.

Á vef Grindavíkurbæjar er óskað eftir hugmyndum og ábendingum frá Grindavíkum varðandi það hvaða ummerki jarðhræringanna Grindavíkingar vilja varðveita, og þá í hvaða formi. Ábendingar má senda inn í gegnum vef bæjarfélagsins.



Það verður ekki haldið í þessa sprungu. VF/Vilhelm Gunnarsson



Mundi

Er ekki bara úllen dúllen doff í kjörklefanum og engin hugsun?

Vaxandi hugarfar

Ég fékk að heyra það í hrekka-vökuteiti hjá dóttur minni og vinkonum hennar að börnin í öðrum bekk hefðu verið að læra um vaxandi hugarfar í skólanum. Stúlkurnar gátu svo gefið mér fjölmörg dæmi um aðstæður þar sem gott gæti verið að nota þetta nýja jákvæða hugarfar. Ég hlustaði af mikilli athygli og fór að hugsa hversu oft við fullorðna fólkið mættum tileinka okkur slíka hugsun. Nú þegar kosningar eru á næsta leyti væri tilvalið að skoða okkur sem samfélag í heild og þau gildi sem við viljum standa fyrir. Hvaða stéttaskiptingu viljum við? Hvernig væri að stokka upp stéttunum og fara að setja fólk í flokka eftir nýjum gildum. Hættu að flokka fólk eftir peningum, klæðaburði eða starfi. Flokkum okkur eftir jákvæðum gildum og réttsýni.

Við höfum valdið til þess að breyta þeirri stéttaskiptingu sem svo lengi hefur verið við lýði hér. Við getum búið til okkar eigin. Frá mínum bæjardrym séð væru hinir fullkomnu leiðtogar þau sem þekkja hinn raunverulega grunn góðs og heilbrigðs samfélags. Þau sem standa fyrir velferð okkar allra mikilvægasta fólks, barnanna, sem eru jú framtíð okkar annars ágæta lands. Þau sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að hlúa að þeim sem greiddu okkur leiðina, gamla fólkinu. Þau sem láta sig málin varða þegar kemur að geðheilbrigði, öryggi og velferð allra stétta í samfélaginu. Einhvern sem þörir að breyta um stefnu og marka nýtt upphaf með það markmið að bæta lífsgæði almennings, tryggja réttlæti og jöfn tækifæri.

Ég segi hinn fullkomni leiðtogi en veit á sama tíma að enginn er fullkominn. Það sem ég vil samt umfram allt annað er að hafa fólk í brúnni sem ber hag okkar hinna fyrir brjósti og tileinkar sér vaxandi hugarfar.

Okkar er valið.

LOKAORD



ÍRISAR VALSDÓTTUR